hefir ek nu getnað¹ getit, sem þessa gripi aa. kenn sialfr huers eign gullit stafrinn ok baugrinn er. Ok þegar² sem hann kendi gripina. sagdi hann sua. Rettligarr hefir Thamar nu farit enn mer. fyrir þa grein at ek gipta hana eigi syni minum Sale.³ hefir hon þetta fyrir þi gort. at hun uilldi at afkuemi sonar mins fyrirfæriz eigi. Engan tima sidan kom hann þers haattar vid hana. Enn þann tima sem Thamar skylldi fæða. þa birtuz þar tuiburar. Ok i sealfri fæðingunni sem skilnadrinn skylldi uerda medr burdinum ok mæðrinni. retti annarr ut höndina.⁴ ok batt konan⁵ þa silkiþræði⁶ um höndina.⁴ ok sagdi sua. þessi man fyrri fæðaz. Ok er sa hafdi at ser haundina. þa kom annarr framm ok fæddiz. ok sagði moðirin sua. Fyrir hui letz þu af þinum uðlldum eptirburðinn ok lækinn sueininum fraskila uerda.⁷ Af þessarri sauk uar hann sidan kallaðr Phares. þat þyðiz skilnadr edr sundrskipting. Eptir þat kom framm annarr ok fæddiz. aa þess hendi sem silkiþrádrinn uar bundinn. Var sa kalladr Zaram. þat þyðiz upprennandi. fyrir þa sauk at hann birtiz fyrri. ella fyrir þi⁸ at⁹ margir rettlátir menn runnu upp af honum ok fædduz. eptir þi sem lesit er i þeirri bok er Paralyppomenon heitir.

Her segir fra þui er Joseph var settr i myrkuastofu fyrir alygi einnar konu ok kyndugskap.¹⁰

59. Nv skal þar til taka sem fyrr uar fra horfit. at fyrr nefndr Putiphar hinn egiptzki. sa sem¹¹ uar fyrir utgördum ok herferdum Pharaonis.¹² hafdi keypt Joseph af þeim Ysmaelitis sem hann höfdu þangat flutt. ok uar gud i faur ok i fylgiu medr honum. ok allar sinar giordir tokuz honum giptusamligha. Var hann iafnliga i sins herra husi.¹³ huerr er hardla uel uissi þat ok undirstod. at gud uar honum samuinnandi i ollum sinum handauerkum ok odrum sinum frammferdum. ok fyrir þi feck hann sins herra giptu ok uinattu. þar medr uard hann af sinni dyggiligri þionostu. þeirri sem hann ueitti honum. sua uel kendr. at hann skipadi hann formann fyrir¹⁴ sealfs sins hus ok¹⁵ alla sina eign. stiornaði hann uel ok sæmiliga aullum þeim lutum sem honum uar um bodit. Blezadi gud hins egiptzka manz hus fyrir Josephs skyll ok let alla hans eign mikilliga græðaz ok auaxtaz bædi i

1) mgl. B 2) leið tilf. B 3) Sele, B 4) handina, B 5) ngrkonan, B 6) silkiþræð, B 7) De scol. hyst. tilf. B 8) þat, B 9) harðla tilf. B 10) Fra þui er Joseph var inn kastaðr ok draumaraaðningu byrlans ok steikarans, B 11) formaðr tilf. B 12) konungs tilf. B 13) herberghi, B 14) yfir, B 15) þar meðr tilf. B

gorðum ok aukrum. Ok eigi lagdi hann edr lutadiz hann til nockurs hlutar þers sem hann atti edr uissi dagliga huat¹ framm for. utan þat huersu sealfs hans bord uar buit.²

Joseph uar hardla uenn madr ok hafdi einkannliga fagra aasionu. sem fyrr uar sagt. þat bar til eptir marga daga lidna fra þi sem Joseph kom þangat. at hans fru leit ástaraugum til hans. ok sagdi sua. Sof medr mer. Enn fyrir þa sœk at hann uilldi medr engu moti samþykkiaz þi bœluada ok bannaða uerki. þa svaradi hann henni sua. Medr huerium hætti mega ek þenna illa lut gera medr³ minn herra. þar sem hann hefir alla sina eign fengit mer at geyma. ok eigi ueit hann huat er hann áá i sinu husi. ok eigi nõckurr lutr er saa af hans godzi. at hann hafi eigi mer fengit [i ualld.⁴ utan þik sealfs hans fru. Medr þerssháttar tilmælisordum kallzaði kona þessi dagliga ok mæddi þenna hinn unga mann. Enn hann neitaði þuerliga medr henni at bua. Sua bar til aa nockurum almenniligum ueitzludegi eptir sœgn Josephi. at huerri ueitzlu er eigi skylldu sidr konur uera enn karlar. at hon gerdi ser skropasott fyrir bonda sinum. þiat⁵ hun uilldi medr aullu einsaman uera ok allt hliott um sik hafa. A þann sama dag geck Joseph þar inn sem hon uar fyrir. ætlandi at gora þat eitt huat sem honum tilheyrdi. ok⁶ hirti ecki aðra menn til at kalla. þa greip hun til⁷ hans mœttuls skautz⁸ sua segiandi. Sof nu medr mer. Hann reiddiz uid þersor hennar ord. ok gekk sua skiotliga⁹ ut af husinu. at hon hellt eptir mottlinum. Nu sem hon geymdi at huarutueggia. þi at¹⁰ hun hafdi mœttlinum eptir halldit. ok hinu odru at¹⁰ hon uar hafnat ok þottiz uera fyrirsmaad. þa kalladi hon til sin þa menn sem þar hofdu heimilisshus. ok sagði sua. Einn ebreskan þræl tok¹¹ bondi minn her inn [til sin.¹² til þers at hann skylldi dára mik. ok þers orindis geck hann¹³ inn higat til min. at hann ætladi at hafa medr mer buit. Enn þegar sem hann heyrdi at ek kallada. liop hann sua skiotliga ut ok i brott. at hann lét her eptir mœttulinn þann er ek hellt áá. Syndi hun ok tedi bonda sinum þann sama mœttul sem hon hafdi eptir halldit. þa er hann kom þangat. til profs ok iartegna at hann trydi þi giarnara þi sem hon sagdi sua til hans. Sa hinn ebreski þræll sem þu tokt heim hingat gekk til min ok hugdiz skylldu daara mik. enn þegar sem hann heyrdi mik kalla. liop hann ut ok lét her eptir mœttulinn. Herrann reiddiz storliga¹⁴ miok. sem hann heyrdi þersa luti. ok fyrir [þann skylld¹⁵ at hann uar of¹⁶ audtryggr sinni husfru ok hennar

¹) er tilf. B ²) mgl. B ³) viðr, B ⁴) [ok i ualld gefit, B ⁵) fyrir þi at, B ⁶) hann tilf. B ⁷) mgl. B ⁸) skaut, B ⁹) brott ok tilf. B ¹⁰) er, B ¹¹) hann tilf. B ¹²) [mgl. B ¹³) tilf. B ¹⁴) storleghans, B ¹⁵) [þa sœk, B ¹⁶) mgl. B

sögn. þá let hann setja Joseph í þá sömu myrkuastöfu. sem konungsins bandingjar uoru geymdir. Var þá enn gud meðr Joseph ok miskunnaði honum. sua at hann gaf honum þá giptu ok giæfu meðr¹ myrkuastofu uðrdönn ok hennar formann. at hann fekk honum í valld alla þá bandingja sem geymdir uaru ok í uardhölldum hafdir. Greiddi gud þá enn giptusamliga allar hans gördir ok frammferdir.

Eptir [þersa luti umlidna² sem nu uar fra sagt. vard sa atburdr at .ii. gellingar konungsins þionostumenn. annarr sealfs hans skenkjari enn annarr bakari ok steikara meistari. urdu fyrir sina tilskylldan fyrir sealfs hans ublidu. Ok af þi at þeir urdu fyrir sealfs hans ublidu.³ þá let hann þeim inn kasta í þá sömu myrkuastofu sem adr uar fra sagt. fekk myrkuastofu uðrdönn þá sem alla adra Joseph til geymslu. ok þionadi hann þeim. Leid sua miok lengi framm. at þeir uaru þar halldnir. A nockurri natt dreymdi þessa báda konungsins sueina þilikan draum huaru þeirra sem eptir rettri ráðningu ok þydingu til⁴ heyrði huarum. Nu sem Joseph kom til þeirra um morgininn eptir. ok hann sa þá ryggari uera enn uani uar til. þá spurdi hann eptir huer⁵ sauk til þess uæri. þeir suorudu. Okkr dreymdi í naatt. ok eigi er sa madr her til. sem draumana raði skyrandi okkr þeirra þyding. Er þat eigi guds at þyda þá sagdi Joseph. Segit⁶ mer huat yckr dreymdi. Byrlinn byriadi fyrr⁷ sinn draum ok sagdi sua. Ek þottiz sia einn uinuid⁸ fyrir mer. a huerium uaru .iii. [uinuidiss teinungar edr sprotar. ok syndiz mer uisirinn uaxa smam þeim. berandi sinn blomstr ok allan auuox. þar til er sealf uinberin rökuduz. sua at þau uaru meðr aullu fullgödr.⁹ Enn ek hellt [a keru mins herra konungsins.¹⁰ tok ek þá uinberin ok sprengda ek nidr í kerit. gaf ek sidan minum herra konunginum at drecka. Joseph svaradi þá. þessor er radning ok skilning draums þins. þriar uinuidarins greinir hafa at merkia þá .iii. daga eptir hueria er Pharao man minnaz þinnar þionostu. man hann þá setja þik í þann sama stett ok starf. sem þu hafdir fyrra tima. ok mantu gefa sealfum honum at drecka eptir þi sem þu uart uanr honum¹¹ at þiona. ok þers bidr ek. at þu minniz min þann tima sem þer hefir uel gengit. ok ger þá miskunn á mér. at tala þat fyrir Pharao¹² konungi. at hann frelsi mik af þersarri myrkuastofu. þi at meðr leynd ok lymsku uar ek tekinn ok brott

1) uidr, B 2) [þetta, B 3) reiði, B 4) mgl. B 5) tilf. B 6) saal. B; Seg, A 7) fyrri, B 8) frammi tilf. B 9) [vnguidis sprotar edr rislur berandi sinn blomstr ok allan avqxt. ok syndiz mer visirinn vaxa smaam þeim. ok uinberin rökquazt eptir þat er þau hqfðu aadr blomgaz, B 10) [keru mins herra konungsins í hendi mer, B 11) tilf. B 12) Pharaone, B

fluttr af ebreskra manna landi. ok saklauss uar ek i þersa dyflizu seltr.¹ Nu sem bakara meistarinn undirstod. at hann hafði uitrliga rapit þann draum. sagði hann sua. Þat dreymdi mik. at ek hefða .iii. koruer² meðr miol uppi yfir hofdi mer. ok i þeim einum sem efztr uar bar ek alla þa rettu. sem bakarar ok steikarar kunna³ meðr sinni list at gðra. komu þar at fuglar ok áátu þann mat. Joseph suaradi. Giarna⁴ uillda ek eiga godan draum at ráða. [.iii. korfar⁵ merkia þa .iii. daga eptir hueria er Pharao man láta hengia þik aa gálga. munu þa fuglar slita hræ þin ok eta. Eptir .iii. daga⁶ þadan uar burdardagr Pharaonis. ok sua sem hann ucitti sinum monnum aa þann sama dag. þa mintiz⁷ hann byrlans. sua at hann skipadi honum⁸ fyrra sinn stétt. at hann skyldi skenkia sealfum honum. Bakarans mintiz hann ok sua at hann let hann hengia. Geck hvarum þeirra rett eptir þi sem Joseph hafði draumana radit. Enn sua uel ok heimolliga sem byrlinn uar nu kominn. þa mintiz hann ecki Josephs.

Her segir fra draumum Pharao konungs ok huersu Joseph reð eptir sem gengu allir. capitulum.⁹

60. Eptir .ii. aar lidin upp fra þi sem nu uar sagt. dreymdi konunginn Pharaonem draum. Hann þottiz uera staddr aa nockurum aarbakka. honum syndiz sem .vii. kyr fagrar ok storar ok [miok feitar¹⁰ gengi upp or aanni ok fæddiz¹¹ þar meðr [grænt gras¹² sem uatlendi var ok uokusamt. Adrar .vii. kyr [alfarnar ok magrar sua sem¹³ at þrotum komnar af sultu ok megrd komu sidarr upp or aanni. [þilikar at¹⁴ hann þottiz alldri slikar¹⁵ sééd hafa fyrri¹⁵ aa ollu Egiptalandi. ok¹⁶ fædduz þær¹⁷ aa sealfum aarbackanum. Gengu þessar meðr sinni megrd ok liotleika langt unframm hinar meðr sinni feiti ok frealsleik. sua at honum þotti enskiss¹⁸ um uert hinna¹⁹ fegrd hia þessarra megrð.²⁰ Pharao uard ottafenginn uid draum þenna sem hann uaknadi. Hann sofnadi annan tima ok dreymdi draum annan. Honum syndiz sem .vii. aux fðgr ok fullfengilig yxi upp aa einn haalm. ok onnur .vii. mia²¹ ok miok visin i annan enda.²² sua at honum syndiz

1) ok mer inn kastat tilf. B 2) coruéér, B 3) kunnu, B 4) Giarnari, B 5) [þriu coruéér, B 6) ngr, B 7) minniz, B 8) hinn tilf. B 9) Af draumaraadningu Pharaonis ok vegsemd Joseps, B 10) [sua feitar sem þgr hefði til draps uerit alnar, B 11) fðdduz, B 12) [græn gros, B 13) [fúllegar magrar ok, B 14) [huilikar er, B 15) mgl. B 16) tilf. B 17) þar, B 18) eingis, B 19) saal. B; þeirra, A 20) saal. B; magrð, A 21) saal. ogs. B 22) stað, B

um þat enn meira uert. Her af uard hann miok hræddr. sua sem hann uaknadi hugleidandi þessa drauma. Ok um morgininn eptir leet hann kalla seer alla sina spekinga ok þa uisaztu¹ menn sem i uaru Egiptalandi. segiandi þeim draumana. ok beid engan² þann af aullum þeim er³ rada kynni. Þa minutiz konungsins byrli aa um sidir. huat er framm hafdi farit medr þeim Joseph i myrkuastofunni. ok sagði sua. Ek iatir ok vidr gengr minni sekt. at þannu tima sem uid bakarinn⁴ urdum fyrir mins herra reidi ok hann leet okkr inn kasta i eins riddara hofdingians myrkuastofu. þa dreyndi okkr báða aa einni nátt þess haattar drauma. sem [at forspaa uurdú⁵ eptir þi sem huarum geck eptir. Var þar einn ebreskr þionostusueinn⁶ þers sama riddara höfðingia. reed hann ockra drauma rett eptir þi sem huars ockars audna ok æuintyr gekk⁷ sidan. [at ek þáá aptr mina fyrri þionostu enn hann var hengör aa gaalga.⁸

Þegar i stad uar Joseph af þersarri byrlans saugn ok aeggian vt leiddr af myrkuastofunni. þar medr uar hans haar klipt ok ræktat. þiat bandingiar ok utlagar lata ecki haar sitt skapa [ok skera. Ok⁹ sem þeir hofdu fengit honum sæmilig klædi. þa uar hann fyrir konunginn leiddr. Hann tok þegar hans hægri hand.¹⁰ er hann kom fyrir hann. ok sagdi sua. Mik hefir dreymt .ii. drauma. ok kann engin þa at rada ok mer at skyra. Enn ek hefir heyrt. at þu mant hardla ual ok uitrliga þa kunna skilia ok skyra. ok ottaz medr engu moti at segia huat er þeir hafa at þyda. Joseph svaradi. Utan mik ok minnar¹¹ hiaueru man gud giptusamligh andsuðr ok farsællig ueita Pharaoni. Konungrinn sagdi¹² honum þa bada fyrr sagda drauma. greinandi þat at hann uaknadi i milli. Eptir þat taladi¹³ hann til Josephs. greinandi þat at hann hafdi þersa drauma sagt hinum fremztum sinum uitringum ok frammsynum monnum. ok at engin af ollum þeim kunni þa at¹⁴ rada. Joseph svaradi. Badir ydrir draumar hafa alla eina merking. syndi gud þa luti Pharaoni fyrir. sem hann man sidarr gora ok lata framm koma. Seau hardla feitar kyr ok fagrar ok þar medr .vii. fðgr ðx. full ok stór. merkia þau .vii. frioleiks aar sem god munu [uerda. ok¹⁵ allt Egiptaland man þar af¹⁶ fullt af giętzku. Enn þær hinar magru¹⁷ kyr .vii. ok hinar solltnu. sem sidarr komu upp or aanni. ok þar medr þau .vii.¹⁸ hin uisnu aux ok ueslu. sem af brennanda uindi fyriruurdz. merkia þau .vii. hallæris aar ok sulltar. sem eptir

1) saal. B; uissaztu, A 2) eigi nqkkurn, B 3) at, B 4) bakara meistarenn, B 5) [vurðu at fullulegri forspáá, B 6) sueinn þionostumaðr, B 7) reyndiz, B 8) [tilf. B 9) [mgl. B 10) hqnd, B 11) saal. ogs. B 12) segir, B 13) talar, B 14) mgl. B 15) [vera at, B 16) verða tilf. B 17) mqrgru, B 18) tilf. B

hin .vii. manú koma. Manu þersir¹ lutir meðr þeima hætti fyllaz ok frammgengt² uerda. at fyrst manú koma þau .vii. aar. at³ hin bezta tid man [koma yfir allt Egiptaland.⁴ enn eptir þau .vii. lidin manú koma aunnur .vii. aar meðr sua miklum ufreoleik ok yfiruettiss hallæri. at þa þicki litils hin uerd sem fyrr gengu ok allt uar i nog þat er hafa þurfti. Man su hin kranka tid ok sulltr aa huert land koma ok eyda allri þeirri gigtzku. sem adr hefir aflat uerit ok saman dregit. Enn þat er uissulight sðnnunarmark til þersarra luta. at annan tima skyllði þann draum fyrir þik berá sem hinn sama lut hefdi at merkia ok hinn fyrri. ok at guds atkuedi⁵ fylliz skiotliga ok frammgengt uerdi. Er þat nu min tillagha⁶ sagdi Joseph. at⁷ konungrinn hafi nu forsia vid. takandi nðckurn uitran mann ok ual klokan þann sem hann fyrir skipi ok yfir seti allt Egiptaland. ok sa seti⁸ formann i aullum ok seer-huerium herudum. til þers at þeir taki saman hinn fimta part af aullum þeim áuexti sem verdr aa þersum⁹ .vii. freoleiks aarum sem nu koma. hirdandi hann¹⁰ i storum ok godum kornlaudum. ok [se allt hueiti þat¹¹ hirt ok geymt undir konungsins ualldi¹² Pharaonis ok sua uard-ueitt i biam¹³ ok borgum. ok se þaleidis uid buit¹⁴ eptirkomanda þeim [.vii. aara¹⁵ sullt. sem aa man leggiaz allt Egiptum.¹⁶ at landit eydiz eigi af hallæri ok sullt. Þetta rad likaði konunginum ual ok aullum hans monnum.

Ok [af þi at hann undradiz¹⁷ bædi huersu skynsamliga Joseph hafdi skilit ok skyrt sealfs hans drauma. ok engum mun¹⁸ minnr þat raad ok tillögu sem hann hafdi ut gefit. þa taladi hann sua til þeirra. Manu ugr nockurn annan mann þann faa fundit.¹⁹ sem sua se fullr af guds andagipt ok giöfu sem þersi. Sidan taladi hann til Josephs. Fyrir þa sauk at gud syndi þer ok tædi alla þa luti sem þu taladir nu. þa fær ek engan fundit þer uitrara edr [þer likan²⁰ at uiti ok raadam. þu skallt formadr uera fyrir²¹ minni hall²² ok husi. ok þinu bodi ok atkuædi skal allr Egiptalandz lydr hlydinn uera. ok at einu saman konungdomsins²³ haasæti skal ek fyrir þik framm halldinn uera. Ok enn taladi hann til Josephs. Seo her. ek skipar þik yfir allt Egiptaland. Her meðr tok hann eitt fingrgull af hendi ser ok dro upp aa hönd Joseph. ok lét klæda hann meðr bisso. ok eitt gullmen let hann

1) aller tilf. B 2) frammgengir, B 3) sem, B 4) [verða aa qllu Egiptalandi, B 5) akuöði, B 6) saal. B; laga, A 7) sialfr tilf. B 8) skipi, B 9) qltum þeim, B 10) allan tilf. B 11) [saal. B; sem allt hueiti er, A 12) [naað, B 13) þgom, B 14) buiz, B 15) [saal. B; tima ok, A 16) [til þers tilf. B 17) [sem konungrinn undirstóðð, B 18) tilf. B 19) aa iqrðinni, B 20) [þinn lika, B 21) yfor, B 22) saal. ogs. B. 23) rikissins, B

um¹ hans haals. Bað hann sidan sua buinn stiga upp i² sealfs sins kerru. Þar medr skylldi einn forrennari kalla huar sem hann for. at allir menn skylldu³ fyrir honum knefalla sua sem konunginum scalfum. ok þeir skylldi af þi uita mega. at hann uæri formadr yfir aullu Egiptalandi. Pharao taladi þa enn til Josephs. Ek er Pharao. Sem hann legði⁴ uid særi sin sua segiandi. Sua sem þat er satt⁵ at ek er Pharao. sua skal þat satt uera sem ek man þer segia. at enginn madr aa aullu Egiptalandi skal þer i moti uikia edr neighia huarki hendi ne fæti. ok eigi skal nockurr utan medr þinum bodskap ok blidu yfirbragdi⁶ brott⁷ fara ne nockurs háttar⁸ almenniligt starf fremia edr frammi hafa. Sneri hann þa nafni⁹ Josephs ok kalladi hann heimsins hialpara upp aa Egiptalandz tal ok tungu. Var hann þa .xxx.¹⁰ at alldri er hann uar fyrstan tima fyrir konunginum Pharaone.

Her segir af Asenech dottur Putiphars.¹¹

61. A hinu fyrsta freoleiks aari af þeim .vii. sem Joseph sagdi fyrir at koma mundi. sendi konungrinn hann um allt Egiptaland. at hann [leti saman¹² taka¹³ hinn .vta. part af ollu [hueiti.¹⁴ eptir þi sem fyrr uar greint. Hann kom framn i fyrr nefndri landzins haalfu Helyopoleos. Var þa¹⁵ Putiphar riddara höfðingi ok konungsins radgiasi þar uordinn kennimadr ok höfðingi. hann atti sér þa dottur sem Aseneth het. Ollum Egiptalandz iungfrum uar hon segri ok frealsligri. i flestum lutum uar hon storliga¹⁶ lik ebreskra manna döttrum. hun uar hæuersk¹⁷ ok bar sik heidsamliga.¹⁸ metnaðarsóm uar hun sua ok mikillát. at engi karlmadr þotti henni sér iafnkosta. Engin karlmadr hafdi ok seed hana utan fadir hennar ok brædr. fyrir þann skylld at einn mikill turn¹⁹ ok miok haar uar aafastr husi ok herbergium Putiphars. yfir huerium er þat eitt loptus var smidat. sem i sér hafdi .x. heimollig herbergi. þilik sem suefnklefar uæri. af huerium er hinn fyrsti ok fremzti uar fagrligha giðr²⁰ af þeim dymætum steinum sem porphiriti²¹ eru kalladir. ok allir hans ueggir uaru af einum ok ymissum aagjætum steinum gioruir. ok þar medr uaru hans fleyðr gulligar.

1) upp aa, B 2) aðra hina beztu tilf. B 3) skylldi, B 4) saal, B; lagdi, A 5) saal, B; séd, A 6) orlofi, B 7) tilf. B 8) konar, B 9) hans tilf. B 10) þritugr, B 11) Af Asenech ok hennar herbergi. De speculo hystoriali, B 12) [skylldi saman laata, B 13) ok hirða tilf. B 14) [saal, B; þi hueiti eptir þi hueiti(!), A 15) fyrr nefndr tilf. B 16) storleghans, B 17) ok haattsqm tilf. B 18) heidsr sgmilegha, B 19) eðr stqpull tilf. B 20) ok smiðaðr tilf. B 21) porphiritici, B

Bygdi Aseneth¹ meðr sinum þernum þersor herbergi. Varu gud Egiptalandz manna. þau sem af gulli ok sylfri² uaru giðr. geymd ok hird i þessum hennar heimolliga klefa. huer er seolf hon dyrkadi dagliga þeim forufærandi. Annat þetta hit heimolliga hus edr klefi uar hennar fatatur. yfrinn rikdom i sér hafandi. þi at hann uar fullr af gulli ok brendu silfri. dyrum gripum³ ok dyrligum steinum. J þridiu⁴ sialfrar hennar heimolligu herbergi uar nær oll su giætzka sem dyrmætaz uar þar i landi. var þat hennar iurtaklefui. ok aull hennar krydd uaru þar geymd ok hird. Adra klefa .vii. af þersum .x. heimolligum herbergium hofdu þær .vii. iungfrur harða fagarar. sem henni þionadu dagliga. vidr hueriar er engin karlmadr hafdi nockut ord talad. huarki uaxinn madr ne smásueinn. A suefnklefa sealfrar Aseneth varu .iii. uænr gluggar. ok uar sa storliga⁵ mikill sem til austrs horfði. annarr af þeim uar til sudrs. ok hinn þridi til nordrs. J þersum klefa uar ein sæng sua skemtilig ok skrautlig at sia upp aa. sem hon uæri af raudu gulli giðr. hon uar tialldat meðr gulluofnum purpura sparldkum. ok þar til meðr iacincto ok einföldum purpura⁶ ok⁷ bisso. i huerri er sialf hon suaf ein saman. Hia þessarri hennar sæng hafdi engan tima⁸ karlmadr niðr setz. Vmuergis þetta hit agiæta⁹ hus ok herbyrgi allt saman uar einn mikill grasgardr. ok miok haar¹⁰ uar allr hans murr giorr af ferhyrnu grioti. A gardi þersum uaru .iiii.¹¹ iarnport. þau sem .iiii. hinir fegrstu¹² ungir menn uel uepntir¹³ uaru fengnir til at geyma [allir samt.¹⁴ A hægra uegna i gardinum uar ein fðgr flotlandi uatzædr. ok eitt fagrt stöduuavn ok sua skiært þar i hia. at [þar matti¹⁵ ual sia¹⁶ i skuggann allra þeirra tria sem þar uaru plantad. er bædi uaru fðgr ok frygdafull.¹⁷ Aseneth uar sua mikil sem Sarra. sua fogr ok frid sem Rebeccha. ok þaleidiss ugn ok at ollu uel uordin¹⁸ sem Rachel.

Her segir af Joseph ok Putiphar ok dottur hans.¹⁹

62. Joseph gerdi fyrr nefndum Putiphar sendibod. at hann mundi uikia til hans²⁰ herbergiss. Tok Putiphar þi feginsamliga. ok sagdi dottur sinni at guds mektugr madr Joseph²¹ mundi þar koma. ok hann mundi

¹) saal. B; Asenech, her og senere, A ²) silfri, B ³) iurtum, B ⁴) þridia, B ⁵) storleghans, B ⁶) saal. B; þurpura, A ⁷) meðr tilf. B ⁸) nökkurr tilf. B ⁹) ok mikkla tilf. B ¹⁰) tilf. B ¹¹) flogur, B ¹²) fræknuztu, B ¹³) vepnder, B ¹⁴) [allt saman, B ¹⁵) [þær maattu, B ¹⁶) þar tilf. B ¹⁷) frygdarfull, B ¹⁸) sik tilf. B ¹⁹) Af fundi þeirra Joseph ok Aseneth dottur Putiphari. Capitulum, B ²⁰) huss ok tilf. B ²¹) tilf. B

eigi uanda at gipta honum sialfa hana. Vidr þersor ord reiddiz hon ok sagði. 'at hun hugðiz helldr skylldu giptaz konungs syni enn her-teknum kotkarls syni. ok henni þætti þat helldr eptir sinni mekt ok maneri. Fyrir þi taladi hon sua. at Pharao atti séér syni. sem sidarr man [sagt uerda.¹ Ok rett sem þau áttu her um at tala. var þeim sagt. at Joseph [var kominn.² Geck Aseneth þa þegar upp i lopt-husit ok sialfrar sinnar herbergi. Joseph kom þa sitiandi i þeirri konungsins kerru sem ðll gloadi af gulli. hana drogu .iiii. fannhuitir hestar [sem snior³ medr gylldum bitlum beittir ok beisladir. Joseph uar sua buinn. at hann hafdi alhuitan kyrtil miok biartan af bisso. ok þar yfir gulluofinn purpuramóttul. gullkoronu á höfði. ok uaru .xii. hinir dyrstu⁴ steinar umuergiss aa krununni. ok yfir þeim uaru markat .xii. gullig himintungl. konungligan rikissuðnd hafdi hann seer i hendi. ok þar medr einn kuist oliue⁵ medr hardla feitum ok fögrum auuexti.⁶ Geck Putiphar ok hans husfru ut i mot honum. lutu⁷ honum ok i ollum lutum uirding ueittu. Eptir þat gekk Joseph inn i gardinn. ok þegar uaru byrgð. aull hans port. Nu séér Aseneth Joseph ut um einn glugg⁸ aa sinu herbergi. rugladiz hun þa þegar⁹ af þeim ordum sem hon hafdi til hans talat. ok sagdi sua. Séé. her. solin sealf er komin i sinni kerru hegat til uár ofan af himni. Ekki uissa ek þat at Joseph uæri guds sun. ok huar man finnaz sa madr um alldr er þilika fegrð megi¹⁰ getit hafa. edr huerr konu kuidr megi liosit ok þilika birti¹¹ borit hafa. Joseph geck þa inn i herbergi Putiphars. ok uaru þuegnir fætr hans. Eptir þat spurdi Joseph. huer su kona uæri er hann [leit um¹² gluggann aa loptusinu. fari hon i brott¹³ sagdi hann. Fyrir þi taladi hann sua. at hann ottadiz at hon mundi þaleidis angra hann ok vnada. sem allar adrar konur þar sem hann kom. þær sendu þegar i stad sina sueina til hans medr einum ok ymissum dymætum giðfum. huerium er hann nitadi¹⁴ medr fullkominni ublidu. ok brott kastadi þeim til neisu ok nidranar sem sent hafdi. þa suaradi Putiphar. Minn herra. þersi mæf er min dottir. su sem huern karlmann hefir fyrirlitit hegat til. hana hefir ok engin karlmadr seed utan ek ok þer¹⁵ i dag. Ok ef þer uilit sua. þa kemr hon her ok heilsar ydr. Joseph hugsadi þat er hun fyrirleit¹⁶ huern karlmann¹⁷ ok hatadi. at alldrigi mundi hun þa¹⁸ þrabøn edr ofblid uidr hann uera. ok taladi sua til fedr hennar. Ef

1) [heyrar megða, B 2) [kgmi þar i stað, B 3) [mgl. B 4) dyruztu, B 5) tilf. B 6) frykth, B 7) luttu, B 8) glugginn, B 9) noqkutt sua ok angraðiz tilf. B 10) maa, B 11) birtu, B 12) [hafði seed uidr, B 13) heðan tilf. B 14) neitadi, B 15) nu tilf. B 16) saal. B; fyrirleti, A 17) annan tilf. B 18) mgl. B

dottir yd(u)r er skígr iungfru. þa elskar ek hana sem systur mina. Gekk modir hennar þa upp til hennar kallandi hana nidr ok frammleidandi fyrir Joseph. Fadir hennar taladi henni sua til. Heilsa bróðr þinum. þeim sem aa saumu leid hatar ok fyrirlitr allar þær konur sem annars kyns ok kindar¹ eru enn² hann. sem þu fyrirlitr alla karlmenn. Aseneth taladi til Josephs. þu blezadr af hinum hæsta gudi uer heill ok uel kominn. Joseph suaradi. Sa gud sem alla luti lifgar blezi þik. Putiphar bad þa dottur sina minnaz uid Joseph ok kyssa hann. Ok sem hun ætladi þat at gera ok gekk at honum. þa retti hann höndina framm. takandi moti hennar briosti ok bringu sua segiandi. Meðr öngu moti stendr þat. at sá madr sem lifanda gud dyrkar ok lifsbrauð etr ok heilsamligan dryck dreckr. kyssi þa konu [sem af heidinni þioð er getin. ok hon³ dyrkar ok kyssir dauf ok dumba skurdgod. etandi braud sitt ok aðra⁴ fęðu af þeirra bordi. ok dreckandi sinn drykk af þeirra kerum ok kaunnum. ok smyriandi sik meðr þi oleo. sem uarla uerdr skodat eðr skyniat huelikt⁵ þat er.

Her segir af þui er guðs engill vitraðiz Asenech.⁶

63. Aseneth uard storliga⁷ rygg heyrandi þessor hans orð. sua at nu tok hun at grata. Joseph leit þaa miskunnar augum til hennar. ok lagdi hann sina hond yfir hennar höfud ok blezadi hana. Aseneth gladdiz nockut sua af hans blezan. enn þo skyndi⁸ hon heim til sins herbyrgis. ok kastadi ser þar nidr uidr sængina af þeim krankleika sem hon hafdi fengit af þeirra fundi ok vidtali. Jdraðiz hon þa þers mikilliga. er hun hafdi gudin dyrkat⁹ ok afnitti¹⁰ þeim þa fulluliga. Joseph aat þar ok drakk. ok eptir þat bioz hann til brottferdar. Putiphar beiddiz at hann mundi dueliáz þar um einn dag. ok feck hann þat eigi. For Joseph i brott ok het at koma apr þagat eptir hina næstu .vii. daga lidna. Aseneth klæddi sik einum suortum kyrtli. huerr er hennar hrygdarklædnadr hafdi uerit. þann tima sem hinn yngri brodir hennar hafdi andaz. Byrgdi hon sik eina saman i nöckurum klæfa lokandi siolf hurdirnar. ok gret þar. [Aull sin skurdgod¹¹ kastadi hon ut um þann glugga. sem nordan uar aa fyrrgreindu herbyrgi.¹² ok huerium þeim hofdingligum rett sem henni uar settr kastadi hon

1) ettar, B 2) sialfr tilf. B 3) [af heidinni þioð komma sem hun, B 4) saal. B; sinna, A 5) huilikt, B 6) Fra þui er engillinn vitradiz Aseneth ok fra þeirra tali, B 7) storleghans, B 8) skundaði, B 9) ok þeim uegsemd ueitt tilf. B 10) afneitadi, B 11) [Ollum sinum skurdgudum, B 12) hennar tilf. B

aa golf framm ok gaf hundum at eta. enn ios molldu ok ðsku upp i höfud sitt ok um allt herbyrgit. ok grét alla þersa .vii. daga miok saarlíga. A hinum áttanda degi uard henni litit miok aarla ut um þann sama glugga sem til norðrs horfdi. sua sem hon heyrði hunda geyia ok hana gala. Ok er hon saa ut. þa birtiz henni su biarta stiarna nærri sealfum himninum sem Lucifer heitir. ok þar med sua mikit lios. at hon gat¹ eigi stadiz. ok af þi fell hon aa fram² sinar hendr ok aaseonu i þa ausku sem aa golfinu uar. ok henni syndiz. þar sem hon laa. sem madr nockurr stigi nidr af himninum ok stædi yfir hennar höfði kallandi hana medr sinu eiginligu nafni. Enn af þi at hun þordi sakir rædzlu ok mikils ótta aungu uætta at suara. þa het hann aa hana³ annan tima sua segiandi. Aseneth. Aseneth. Hun svaradi þa. Ek er her minn herra. edr huerr ertu. seg mer þat. Ek er höfdingi guds huss sagdi hann. ok ek er höfdingi yfir⁴ sialfs hans utgordum ok herferdum. Ris upp ok statt aa þina⁵ fætr. man ek þa tala medr þik. Ok er Aseneth freistaði aa fætr at fara⁶ ok hon hof sitt höfud upp. þa syndiz henni saa madr um alla luti likr Joseph. at klædnadi. krunu ok konungligum rikisuendi. sem þar uar kominn. Hans aasiona uar þilik sem⁷ ellding. augun sem solar geislar. enn haarit ok hans lockar sem logandi elldr. Ok sem Aseneth saa þetta. uard hon sua ottafengin. at hon fell⁸ framm annan tima. Engillinn sa sem henni [uitradiz i manz mynd⁹ styrkti hana þa léttandi upp aa sina fætr. ok sagdi sua. Legg nidr þetta hit suarta haarkleði.¹⁰ sem þu hefir klætt þik med. ok hrygdarinda þann sem þu hefir um¹¹ þinar lendar. skak i brott or höfði þer dupt ok osku ok þua bædi hendr þinar ok aasionu i skigru uatni. ok klæd þik fagrlíga med hinum heidrligztum þinum¹² klædum. ok eptir þat man ek tala uid þik. Ok þegar sem hun hafdi eptir hans áákuædi um buiz. þa kom hon skiotlīga apr til hans. Kasta af höfði þer skautum ok höfdudduk. þiat þu ert skigr iungfru. Styrkz þu ok fagna iungfru Aseneth. fyrir þi¹³ at nu er þitt nafn aa lifandi manna bok skraad ok skrifuat. ok æsinlīga man þat alldrigi¹⁴ af mááz. Ek segir þer þat ok synir uissulíga. at upp fra þersum degi ert þu endrnyiat ok lifgat. Munt þu blezanar braud eta ok heilsamlígan dryck drecka. þiat medr heilagri krisnu¹⁵ mant þu smurd uerda.¹⁶ See her i dagh gef ek þik Joseph til brudar

1) fekk þat, B 2) saal. ogs. B 3) ok kallaði tilf. B 4) fyrir, B 5) eigna tilf. B 6) fgrast, B 7) ein tilf. B 8) þa enn tilf. B 9) [syndiz maðronn vera, B 10) saal. B; klædi, A 11) þik lagit. kasta ok i brott sorgar-kleðnaði þeim sem þu hefir um tilf. B 12) sialfrar þinnar hof, B 13) þann skyld, B 14) þar tilf. B 15) saal. B; kristni, A 16) uera, B

ok eiginhusfru. Man þitt nafn eigi¹ uera kallað Aseneth sem mik-
ilsháttar hlifdar borg edr uerndar. fyrir þi² at idran þin bad hinn
hæsta gud fyrir þer. huer er³ uordin dottir þers sem haleitaztr er.
glöð ok god guds iungfru hæuersk ok háattsöm. Ok er engillinn uar
eptir frettr af Aseneth. huert hans nafn uæri. þa svaradi hann sua.
Medr guds hand⁴ ok fingri er mitt nafn skrifuat aa þers bok sem
haleitaztr er. eru þeir allir lutir oumrædiligrir sem aa þeirri bok eru
skrifádir. ok engum daudligum manni samir þa at segia ok eigi helldr
heyra.

Her segir fra viðtali þeirra Aseneth ok guðs engils.⁵

64. Aseneth taladi þa til engilsins halldandi aa⁶ ofuanuerdum
hans móttli. ok sagdi sua. Ef ek hefir nöckura giptu fundit ok fengit
i þínu augliti. þa setz⁷ nidr um eina lilla stund hia sæng þersarri.
hia huerri er alldrigr sat enn nockurr karlmadr.⁸ ok man ek bua þer
bord. Engillinn suaradi. Lat framm koma at þi skiott. Setti hon bordit
buandi þat medr hit bezta braud ok sætt uin ok med gaumlú oleo.
Ber mer ok hunangs seim. sagdi engillinn. Ok sem hun stod rygg af
þersum hans ordum. fyrir þat er hun hafði engan seim at faa honum.
þa sagdi hann sua. Gakk inn i kiallara þinn. ok þar aa einu bordi
þínu mantu hunangs seim⁹ sinna. Vard henni þersi uán eigi at he-
goma. at hun fann þar sua huitan seim sem snior uæri ok hit skier-
azta hunang gefanda hinn sætazta ilm¹⁰ af ser. Aseneth taladi þa til
hans. Eigi hafða ek seiminn minn herra. helldr hitt at hann uard þegar¹¹
þu taladir ok nefndir medr þinum helgum¹² munni. huadan¹³ er hans
ilmr man¹⁴ rett þiligr sem¹⁵ af sealls þins [anda. er ferr af þinum¹⁶
munni. Engillinn hlo þa lettliga at skilning ok skynsemd Aseneth.
Retti hann þa framm hondina. leggiandi hana yfir hennar höfud sua
segiandi. Sæl ertu. fyrir þat er þu hafnadir skurdgudum ok fyrirleitiz
þau ok trudir upp aa lifanda gud. ok allir þeir eru sælir sem med
idran koma til hans. þiat af þersum hinum sama seim munu þeir bergia.
sem [guds byflugur af¹⁷ paradiso hafa¹⁸ saman borit. ok af rosauatni
paradisi munu þeir drekka. ok her af bergia allir guds englar. deya
þeir ok alldrigr æfiliga.¹⁹ sem af honum hafa nockurn tima elit. Hann

1) sua rettlegha síðan tilf. B 2) þa sök, B 3) nu er tilf. B 4) saal. ogs. B
5) Fra þui er engillinn blezadi hana ok gaf henni seiminn, B
6) mgl. B 7) her tilf. B 8) maðr, B 9) seiminn, B 10) ýft tilf. B
11) i stað sem tilf. B 12) haleitum, B 13) af tilf. B 14) er B 15) ang-
inn tilf. B 16) [mgl. B 17) [byflugur af guðs, B 18) gort ok tilf. B
19) eyliffiliga, B

retti þá enn framm höndina. ok tok einn hardla litinn part af seiminum ok áat sealfr suman. enn þat sem eptir var af honum lagdi hann í munn Aseneth. talandi til hennar þar með þersum ordum. See nu átz þu lifs braud. ok nu ertu smurð meðr heilagri crismu. man [þitt hold¹ upp fra þeima degi endrnyiaz. ok hedan af munu þin þein bætaz ok grædaz. vþrotnandi man þinn kraptr uera. enn æska þin man alldrugi elli kenna. ok alldrugi man þin fegrð faulna. mantu þilik uera sem smidat hofudborg ollum þeim. sem sinni uan uenda flyiandi til nafns almattigs guds.² Þess sem allra uerallda konungr er. Hann retti þá enn framm höndina. ok tok þann seim sem hann hafdi fyrr sagdan part af tekit. uard hann þá þegar heill ok uskaddr sua sem adr uar hann. Tok hann þá meðr sinni hægri hendi ofanuerdan seimsins³ part. þann sem til austrs uissi. meðr þeim fingrinum einkannliga sem þumalfingrinum uar næstr ok tilsagnarfingr heitir. dragandi hann at ser til neðanuerdz seimsins. þers sem til uestrs uissi. Syndiz Aseneth þá sem bloð uæri alla uega. þar sem hann hafdi fingrinn um dregit. Sia nu seiminn sagði engillinn. Sa hon þá. at margar huitar byflugur sem snior flugu ok foru utan⁴ af seiminum. enn sumar af þeim hofdu raudan purpura lit sem iacinctus. kringdu þær allar [um Aseneth⁵ saman berandi ok gerandi af nyiu hunangs seim í hennar höndum. [átu þær ok þar af.⁶ Eptir þat taladi engillinn til byflygissins. Farit nu brott í þann stad sem ydr til heyrir. Hurfu þær allar þadan þegar í stad. ok uendu sinum⁶ ueg til paradisum í austr. Engillinn taladi þá til Aseneth. A somu leid eru þeir allir lutir sannir. sem ek hefir talad fyrir þer í dag. sem byflugurnar foru brott í þann stad sem [ek uisada þeim.⁷ Hann retti þá enn⁸ þridia tima framm handina ok tok upp seiminn. kom þá elldr upp þar rett af bordinu ok eyddi ollum þeim seiminum sem eptir hafdi uerit. snart hann þo meðr engu moti bordit. Vard af seimsins bruna hardla sætr ilmr ok angi. enn bordit var sua meðr aullu ubrunnit. sem engan tima hefði þi elldr námunda komit. Aseneth taladi þá⁹ til engilsins. Seau iungfrur eru her dagliga [hia mer¹⁰ minn herra. þær sem fra barndomi hafa her upp fædz meðr mer. varu þær ok aa þeirri sðmu natt [fæddar ok getnar¹¹ sem ek. villda ek giarna kalla þær. til þers at þu blezadir¹² þeim [á sðmu leid¹³ sem þu hefir mik blezad. Hann bad hana kalla þær. ok blezadi hann þeim sua segiandi. Hinn hæsti gud drottinn blezi ydr. at þer seed sua sem .vii. hlifdarborgir stydiur edr sterkir pilarar. Engillinn

1) [þin hqrund, B 2) guðdrottins, B 3) hunangsins, B 4) vvt, B 5) [mgl. B 6) sinn, B 7) [þer voru adr sem ek sagði þer, B 8) í tilf. B 9) enn tilf. B 10) [tilf. B 11) [getnar ok fæddar, B 12) blezer, B 13) [sua, B

hæð þá Aseneth lietta borðinu. Hon gordi sem hann þæud. Ok er hun ællaði bordit nidr at leggja. þá uar engillinn brott fra henni at syn. ok er hon snoriz apt̃r ok litadiz um. þá sa hon sua sem eina kerru medr .iiii. hestum¹ austr til himinsins framm farandi ok þagat huerfandi.

Aseneth lagdiz til bønar eptir þat er engillinn uar i brottu. Ok² sem hon bad ser liknar ok miskunnar. fyrir þat er hon hafdi sua diarfliga uidr³ hann talad. þá kom einn iunkkiæri⁴ til hennar. sa sem fedr hennar þionostumadr uar. berandi henni sealfs hans boð sua segiandi. Se nu kom Joseph. sterkr ok mektugr guds madr. er hans forrennari her nu rett uid portit aa [ydru herbergi.⁵ Skundadi Aseneth þá ut i moti Joseph ok stod i suðlunum frammi fyrir herberginu. Ok þegar sem Joseph gekk inn i gardinn. kalladi⁶ Aseneth upp aa hann. segiandi honum allt tal engilsins. þat sem hann hafdi uid⁷ hana talat. ok þar medr þo hon sealfs hans fotr. Annan dag eptir hæð Joseph konunginn sealfan Pharaonem gipta ser Aseneth til eiginhusfru. Var þat þegar⁸ gort sem hann uilldi. at hon uar honum gefin.⁹ ok setti konungrinn þær uænuztu coronur sem hann atti upp aa huars þeirra höfud. ok let þau minnaz til ok kyssaz. Veitti sidan sealfr þeirra brudlaup.¹⁰ gorandi þá sua gilda ok uæna ueitzlu. at hun uannz ual .vii. daga. biodandi þar med at engin¹¹ madr skylldi nockura¹² erfidiss orku uinna medan brudlaup Josephs stodi. Gaf honum¹³ þá þat nafn. at hann skylldi guds son heita. enn Aseneth dottir hins haleitazta.

Her segir fra Joseph ok sonum Jacobs. capitulum.¹⁴

65. Joseph for um aull Egiptalandz herud.¹⁵ Kom þar yfruættiss freoleiki ok aaudxtr um hin næstu .vii. aar. Let hann allt þat korn saman taka ok i hlödur bera. sem hann kunni faa. ok allt þat hueiti sem þá þotti sua nogt¹⁶ ok mikit uera sem ægiss sandr. ok eigi kom mælingum aa. let hann i ymissum borgum hirdaz ok geymaz. ok engan lut let hann þi helldr unytaz edr at misköstum faraz. Hann gat at eiga .ii. syni medr fyrr nefndri husfru sinni Aseneth. adr enn sulltrinn ok hallærit kom. kalladi hann hinn fyrra ok hinn frumgetna

1) i tilf. B 2) sua tilf. B 3) meðr, B 4) iunkherra, B 5) [yðrum garði, B 6) heilsaði, B 7) meðr, B 8) i stað tilf. B 9) ok gipt tilf. B 10) brullaup, B 11) eingi, B 12) neckurs konar, B 13) hann Joseph, B 14) Fra þi er bróðr Josephs utan Benjamin komu til hans á Egiptaland. de genesi, B 15) herad, B 16) i nóg, B

sinn son Manasen. þat þyðiz gleyming. ok sagdi sua. þat gaf gud ok gordi. at ek hefir nu gleymt ok afhuga uordit minum erfidum¹ ok mins fedr husi. Annan kalladi hann Elfraym. þat er áuaxtan. sua seg-iandi. Vera let gud mik i minu fatækisslandi. Enn þann tíma sem þau .vii. freoleiks aar uáru gengin. sem aa Egiptalandi hófdu uerit ok nu uar fra sagt. þa komu þau .vii. hállæriss áár ok sulltar aar. sem Joseph hafdi fyrir sagt. [sua at sulltr ok seyra gekk nær² um allan heiminn. ok þar kom at uarla beid braud edr adra fæðu a ollu Egiptalandi. Tok þa folkít at suellta ok kalla konunginn Pharaonem. at hann fengi þeim ndckut til fæðiss ok uidrlifis. Hann svaradi þeim. Farit til Josephs ok gðrit huat er hann bydr ydr. Sulltrinn uox dagliga um allt landit. lauk Joseph þa upp kornlaudum. þeim sem kostinum geymdu. ok selldi Egiptalandz monnum. ok sua þeim sem af ðdrum lðndum ok herudum komu þangat séér kost at kaupa. Uaru þeir peningar greiddir i hendr konungsins féhirdzlumonnum³ sem þar uaru i moti gefnir.

Enn þa er Jacob fretti. at miol ok korn selldiz aa Egiptalandi. þa taladi hann sua til sona sinna. Af þi at hin hardazta tíð geriz⁴ aa Chanaanlandi. fyrir hui erut þer sua uþrifnir. Ek hefir heyrta at hueiti selz aa Egiptalandi. freistit ok farit nidr [þann ueg.⁵ ok kaupit oss til bordz þann kost þo at litinn sem oss naudsyniar. at uer halldim lifi uaru ok fyrirfarimz eigi af sullt ok fatækt. Foru sidan .x. brødr Josephs til Egiptalandz þers eyrindis⁶ at kaupa þar hueiti. Enn Beniamin hinn yngzti af aullum þeim uar eptir⁷ hia fedr sinum. at honum bæri engan daligan edr uadaligan lut til aa ueginum. Komu þeir aa Egiptaland medr odrum þeim sem þagal foru til kaupa. Var Joseph þar þa formadr ok hófðingi fyrir. ok eptir hans bodskap ok akuædi selldiz ollum monnum hueiti ok annarr kostr þadan. Nu sem hans brødr komu fyrir hann uegsamandi hann ok lotning ueittu⁸ sem allir adrir. ok hann kendi þa giðrla enn þeir kendu hann medr engu moti. þa taladi hann hardligarr ok ublidligarr til þeirra enn annarra manna [ok þo⁹ fyrir einn tulk spyriandi þá. Huadan komut þer sagdi hann. þeir suorudu. Af Chanaanlandi komu uær at kaupa oss lifnæringar kost ok naudsynligha luti. Enn¹⁰ nu sem hann kendi þa. enn þeir kendu hann eigi. þa minntiz hann aa drauma þa. sem fyrr meirr hafdi fyrir hann borit. ok sagdi sua. þer erut einir speiarar¹¹ ok komut fyrir þann skyllð heghat.¹² at þer uilldut sia uarn fatækan ok ueslugan landzskap. þeir suorudu. Eigi er sua minn herra. helldr komum uer

1) eruidum, B 2) [tilf. B 3) fehirði, B 4) giðrðiz, B 5) [þannigh, B
6) erendis, B 7) heima tilf. B 8) veitandi, B 9) [mgf. B 10) Ok, B
11) speiarar, B 12) tilf. B

þinir þionostumenn til þers at kaupa oss sædzlu¹ ok fedr uarum. Vær erum allir eins manz synir. komu uær her meðr náðum sem adrir² fridmenn. ok eigi bruggu uær brædr þionar þinir nöckurs konar illt edr daligt. Ek ueit at odruuiss er sagdi hann. Til þers komu þer hegat. at þer skodadut³ ok hugleiddut⁴ uigleysi uars landz ok annan þers fatækdóm. Þeir svorudu. Vær sucinar þinir erum .xi. brædr. synir eins manz af⁵ Chanáánlandi. ok er hinn yngzti eptir nu hia fedr uarum. en annarr er nu eigi til. Hitt er sannara sagdi Joseph. at þer erut speiarar⁶ ok komut⁷ til af [einum ok⁸ ymissum londum.⁹ Skal ek her þegar i stad profa. [hue sannordir¹⁰ þer erut. þi at þat er undarligt ok miok sua umattuligt einum kotkarli at eiga [iafnmarga syni þilika.¹¹ einkannliga er þer segit einn uera eptir heima. þar sem uarla kunna konungar at fa [þilika suna nægd¹² sua mannuænliga. Ok þat segir ek upp aa konungsins heilsu Pharaonis. at allrīgi fyrri farit þer hedan allir i brott enn sa minnzti brodir ydarr kemr higat. Sendit einn huern af ydr þann sem hann flytr¹³ higat. Skulu þer þar til i bðndum her halldnir uera. sem profaz huart þat er satt [eðr logit¹⁴ sem þer hafit søgt. Ella fyrir konungsins heilsu Pharaonis segir ek ok seer þat fyrir uist. at þer crut speiarar ok niosnarmenn. Ok fyrir [þi at hann¹⁵ ottadiz. at þeir mundu¹⁶ nockut illt gort hafa. þa let hann geyma þeim um .iii. daga. Hinn .iiii. dag taladi hann til þeirra. sua sem þeir uaru ut leiddir. Gorit sem ek sagda. ok munu þer þa na at hallda lifinu. ef þer erut spaklatir fridmenn. þiat ek er gudhræddr madr. Vil ek at einn af ydr brædrum see her bundinn eptir i pant ok settr i myrkuastofu. en þer farit brótt adrir. ef ydr likar. ok berit heim til yduars huss huerti þat sem þer hafit keypt. Flytit sidan¹⁷ apr til min þann unga yduarn bródr.¹⁸ at ek megi sua profua sagnir ydrar sannar. ok munu þer þa ecki drepnir uera. Þeir gerdu eptir þi sem hann baud. ok tðludu þo sin i milli. sua at hann heyrdi upp aa. enn hugsadu¹⁹ at hann mundi eigi undirstanda ebreska tungu. einkannliga fyrir þat er hann hafdi tulk fyrir ser i þeirra tali. ok sðgdu sua. Verduliga þolum uer þetta eptir sealfra varra tilskyllðan. fyrir þat er uer gðrdum²⁰ uid uarn kiðlligan brodur seandi hans neyd ok angist. ok eigi uilldum uer hann heyra²¹ sem hann bad oss.

1) fezlur, B 2) mgl. B 3) skodadit, B 4) hugleiddit, B 5) aa, B 6) speiarar, B 7) komner, B 8) [mgl. B 9) stqðum, B 10) [huiliker eðr huersu sannsggler, B 11) [þilika ok iammiþkla suna nægd, B 12) [iammarga syni, B 13) flyti, B 14) [tilf. B 15) [þa sqk at hann vgði ok, B 16) myndi, B 17) hegat, B 18) brodur, B 19) hugðu, B 20) misgðrdum, B 21) þar vm sua tilf. B

Fyrir þessa úára górd ok grimmleik kemr oss nu þetsi náudt. ok þrónguig. Ruben einn af þeim [.xii. bróðrum² sagði³ sua. Talada ek ekki þat þa til yduar. at ek bad ydr ekki syndgaz á sueininum edr uid hann misgðra. ok uilldud þer eigi heyra mik. See nu er til hefnda eptir sed hans blod.⁴ Enn af þi at Joseph skildi huert þeirra ord. þo at þeir uissi þat eigi sem sagt uar. þa snóriz hann brott um eina lilla stund ok komz uid sua at hann tãradiz. veik ser aprt sidan. ok taladi uid þa sem adr. Let hann⁵ taka Simeon brodur þeirra ok binda. sua at þeir sa upp aa. Baud sidan sueinum sinum at fylla sekki þeirra allra medr hueiti. ok i huers þeirra sekk let hann leggja þann fiarhlut⁶ sem þeir hófdu moti hueitinu gefit. gefandi þeim þar medr sua mikinn kost sem þeim nægdiz i ueginum. Var sua górt sem hann baud. Foru þeir i brott eptir þat. berandi hueitit aa sealfra þeirra asnum.⁷

Nockuru sidarr tok einn þeirra⁸ nidr i sinn [sekk ok gtladi⁹ eykinum aafodr. ok er hann sa fiarlutinn i sekkjar munninum. þa taladi hann til bróðra sinna. See her er mer gefinn aprt kaupeyrir minn. hefir ek hann her nu i sekkinum. Þeir uurdu hræddir ok ottafengnir. ok taladu sua sin i millum. Huersu man þetta uera edr uid uita. sem gud hefir gort uid oss. Eptir þat foru þeir ueg sinn. þar til er þeir komu heim til fedr sins Jacobs aa Chanaanaland. ok sógdu hohum. greinandi giorla ok skiluisliga ord ok górdir ok allt.¹⁰ sem farit hafdi medr þeim ok landzherranum i Egipto. sua þat at¹¹ Simeon uar þar eptir i bðndum. ok þat at¹² hann bad þa sinn hinn yngzta bróðr þangat flytia. sem adr uar sagt. Eptir þat er þeir hófdu sagt honum allt hit sannazta af sinni ferd. þa fann huerr þeirra sinn fiarhlut ok kaupeyri bundinn i sinum sekk. vndraduz þeir þa ok ottaduz allir. Ok sem Jacob heyrði þat. sagdi hann sua. Barnlausan hafit þer nu gort mik driugum. Joseph er eigi til. Simeon er i bðndum hafdr ok halldinn. enn nu gtlit¹³ þer Benjamin [brott at¹⁴ taka. Allir þersir illir lutir ok dáligir huerfa til min ok koma nu mer i mot. þa svaradi Ruben. Fáá mer hann i hendr. ek skal hann aprt flytia. Eigi mán sia son minn þangat med ydr fara sagði Jacob. Brodir hans samborinn er allr. en hann er einn eptir. Nu ef hann mætir nockuru dáligu i¹⁵ þi sama landi. sem þer farit til. þa munu þer minar ellihærun medr sut ok harmi til heluitiss færa.¹⁶

1) kuql, B 2) [bróðrunum, B 3) þa tilf. B 4) bloði, B 5) þa tilf. B 6) kaupeyri, B 7) asnum, B 8) af þeim, B 9) [saal. B; klædsæck. ladi(!), A 10) alla lut sua, B 11) sem, B 12) er, B 13) vili, B 14) [i brottu, B 15) a, B 16) leiða, B

Sulltr¹ ok hallæri þröngdi þá af nyiu öllu þi landi ok mörgum öðrum. Ok sem allr kostur sa var upp genginn. sem þeir höfðu heim flutt af Egiptalandi. þá taladi Jacob enn til sona sinna. Farit niðr aptr a Egiptaland ok kaupit oss fæzlur þó at litlar. Judas svaradi. Sa madr sem þar uar stiuadr sóór sik um. at uær skyldim eigi sua mikit sysla at uær nædim at sia hann. utan uer flyttim þangat hinn yngsta² brodur uarn med oss. Villtu gefa gott orlof³ at hann fylgi mer. þá munum uær fara allir saman ok kaupa þá luti. sem oss naudsyniar enn fara i engan stad. ef þu uill eigi þat. Þat gerdut þer upp aa minn angr ok skada sagdi Jacob. er þer sogdut honum nöckut ifra. at þer ættit þenna brodur. Þeir svorudu. Þersi madr spurði oss inn-uirdiliga⁴ eptir uárru ætt. bædi huart fadir uárr lifði edr ef uær ættim fleiri brædr en þar uaru þá. ok urdu uer honum uidrkuemiliga at suara um þá luti sem hann spurði. edr mattum uer þat nöckut uita fyrir. at hann mundi þers beidaz at uer flyttim þangat brodur uárn. Judas taladi þá enn til fedr sins. Sent þu sueininn medr mer ok undir minu nafni. at uer megim fara uer uárn ok hallda lifi uáru ok synir uarir. Ek tekr giarna medr sueininum af sealfs þins hendi. kref hann ut af mer. skal ek uid ydr⁵ alla tima mikilliga sakadr uera. ef ek flytr hann eigi heim ok færir⁶ hann sealfum þer i hendr. Uærim uer nu aptr komnir [annan tíma.⁷ ef þetta hefði eigi hindrad. Jsrael fadir þeirra svaradi þá. Ef sua mikil naudsyn liggir her vid. sem þer seghit. þá gerit sem þer uillit.⁸ Takit af öllum hinum⁹ dygduguztum iarðarinnar aaúðxtum. er til bidr [i þersu¹⁰ landi. berandi þá i budkum¹¹ med ydr. ok presentit þær giasir þessum manni. Nefndi hann þar til nockur .iiii. edr .v. þau hin dyraztu krydd ok iurta¹² kyn. sem i nockuru landi kunnu faaz. ok þar medr sagdi hann sua. Hafit ok tuifalldan kaupæyri medr ydr. ok berit þann aptr þangat sem þer fundut i sekkunum. ef sua léttliga hefir kunnat til at bera. at nockut fals edr misfangi hefir¹³ i farit. Takit ok nu þar med yduarn brædr. ok farit sua a fund þessa manz. Bidr ek.¹⁴ at minn almattigr gud geri hann nu blidan ok miuklyndan uid yðr ok sendi þann brodur ydarn heilan aptr higat [medr ydr¹⁵ sem hann helldr þar i böndum ok Beniamin. Enn ek man nu sua sem barnlauss eptir uera.

¹) saal. B; Sullt, A ²) minnzta, B ³) til tilf. B ⁴) medr skipan tilf. B ⁵) þik, B ⁶) fær, B ⁷) [tilf. B ⁸) talit, B ⁹) beztum ok tilf. B ¹⁰) [her i, B ¹¹) kerum, B ¹²) giurta(!), B ¹³) hafi, B ¹⁴) þers tilf. B ¹⁵) [mgl. B

Fra þui er Jacobs synir komu meðr Beniamin i Egiptum ok Joseph kendi þeim sialfan sik.¹

66. Synir Jacobs toku þa gíafir þær. sem hann hafði til nefnt at Egiptalandz herranum skyldi presenteraz. ok tuifalldan kaupeyri ok þar med bródr sinn Beniamin. foru sua nidr aa Egiptaland ok komu fyrir Joseph. Ok þegar sem hann saa² þa alla samt ok Beniamin. þa baud hann sinum stiuard.³ at hann skyldi þersa menn⁴ leida inn i hans hus ok herbergi. bad hann ok buaz uid ueitzlu ok ráda ual til budaruardar. þiat þessir menn skulu eta medr mer i dag um middegiss skeid sagði hann. [Hann gíqrði sem honum var boðit ok leiddi þa inn meðr sier.⁵ Vidr þetta⁶ uurdu þeir ræddir ok taladu þersor ord leyniligha sin i milli. Fyrir þers sama kaupeyriss skyld ok fiarlutar uaru uær higat leiddir. sem uær barum næstum i sekkunum.⁷ at hann kallzi oss ok klandi. leggiandi bædi oss ok eyki uara i þrældom medr sinu ualldi ok ofriki. Gengu þeir fyrir þersa grein þar i durunum til hans rádsmanz sua segiandi. Vær bidium minn herra. at þu heyrir oss. Vær uarum her hinn fyrra tima [ok keyptum⁸ oss fædzlur sem þu uissir. Nu sem þat uar górt ok uær kónum upp til saluhussins aa ueginum ok ver leystum til sekkianna.⁹ þa fann huerr uárr þann fiarlut i sinum sekk. sem hann hafði sellt. ok þann sama kaupeyri allan iafnueginn. Bárum vær nu aprt higat ok höfðum medr oss annat silfr eigi þi sidr at kaupa medr þi þa luti sem oss naudsyniar. Er þat eigi aa uaru uiti huerr þann fiarlut hefir þar latit. Hann svaradi. Fridr se med¹⁰ ydr ok oltiz ekki. fyrir þi at gud ydarr ok föður ydars gaf ydr þann fiarlut.¹¹ sem i sekkjunum uar. þiat ek hefir allan þann kaupeyri prouadan ok rettliga rannsakadan sem þer lukut mer. Leiddi hann þa Simeon ut til þeirra. Tok sidan uatn. er þeir uaru inn komnir. ok þo fær þeirra ok gaf [eykium þeirra.¹²

Eptir þat biðggu¹³ þeir til gíafir. þær sem þeir ætladu at presentera Joseph. þann tima sem hann gengi um miðdegis skeid inn þann ueg. þiat þeir höfðu heyrð at þeir mundu¹⁴ þar eta um daginn. Ok þegar sem hann kom inn i þat herbyrgi sem þeir uaru fyrir. þa presenteruðu þeir honum þa luti. sem þeir höfðu til ætlat. fram fallandi ok honum uegsemd ueitandi. Heilsadi hann þeim þa bliðliga i moti spyriandi¹⁵ þersum ordum. Var sa gamli fadir yduarr uel heill. sem þer sögdut mer fra næstunni. Þeir svaradu. Fadir uarr ok þinn þeon-

1) *Overskrift og Capitelskifte* efter B; A har her ikke nyt Capitel. 2) *tilf.* B 3) *stiuard*, B 4) *alla tilf.* B 5) [*tilf.* B 6) *þersa hans gíqrð*, B 7) *sekkjunum*, B 8) [*at ver keyptim*, B 9) *sekkanna*, B 10) *tilf.* B 11) *thesaur*, B 12) [*eykiunum föðr*, B 13) *biuggu*, B 14) *myndi*, B 15) *meðr tilf.* B

ustumadr lifir enn ok er uel heill. Lutu¹ þeir honum þa enn ok til-
 læti ueittu. Ok sem Joseph litadiz um. þa sa hann sinn samborinn
 brodur Benjamin. ok sagði sua. Er þersi sa ungi brodir yduarr. sem
 þer sogdud mer fra. Ok enn sagdi hann sua. Gud miskunni þer son
 minn. Skundaði hann þa uikiandi ser brott fra þeim i klefa nockurn.
 fyrir þann skyld at hann uar² sua uarkunnigr sinum sammæddum
 brodur. at hann³ taradiz. Enn þegar sem hann feck halldit sik fra þi
 ok hann hafdi þuegiz. þa [gekk hann út. ok⁴ taladi hann uid sealfs
 sins sueina. Latit framm braud ok adra sædu. Ok sem þat uar gert.
 þa settiz Joseph ser einsliga. sua sem af odrum löndum⁵ kyniadr ok
Ok af þi at þa hafdi upp gengit allr þeirra⁸ kostr ok uistir. sem þeir höfdu medr ser brott flutt af Egiptalandi. þa kjerdi allr Jsraels suna fiöldi sik i fastafari þar um eydimörkina⁹ murrandi ok mauglandi¹⁰ moti þeim badum bröðrum Moysi ok Aaron. sua segiandi. Betr mættim uær medr guðs ualld ok uilia aa Egiptalandi dait hafa. sua sem ugr saatum yfir sodkötllum.¹¹ þann tima sem kiðt uar sodit. ok aatum sua brauðit i nog sem sealfir uær uilddum. Fyrir hueria¹² skyllid lockudut þit ok leiddut oss til þers hegat i eydimörkina. at þit drepit allan þenna mannfialda med hungur ok saara sultt. Eptir þat taladi gud sua til Moysen. Af himinum ofan man ek lata rigna ydr fædzlur. gangi þa allt folkit ut lesandi ser ok samnandi¹³ dagliga sua mikit. at huerium sem einum uinniz dag fra degi. til þers at ek proui huart er þetta folk uill eptir minum uilia ok lögmaali framm fara eör eigi. A hinum setta degi skulu þer tueggia daga kost ok atuinnu saman taka ok ydr til bordz bua. þiat þer skulut hinn .viida. daginn sua um þetta sem¹⁴ allt annat heilagt hallda.

Moyses ok Aaron taladu þa til allra iafnsaman Jsraels suna. At apni¹⁵ manut þer uita ok uidrkennaz. at gud drottinn hefir ydr ut leitit ok i brott af Egiptalandi. ok at morni munut þer sealfir hans dyrd mega sea. At aptni man hann ydr gefa kiðt enn at morni braud nogt¹⁶ sem þer uilit sealfir. af þi at hann heyrdi ydart kallz ok kigrur sealfum honum. edr huat erum mit brödr. Ekki er þersi murrar edr umlestr görr i gegn okkr utan helldr i gegn sealfum gudi. Moyses taladi þa til Aarons. Seg ollum Jsraels suna fiolda. at hann gangi framm fyrir gud drottins auglit. Nu sem hann gerdi sua. sem honum uar bodit. ok hann taladi fyrir folkinu. uard honum litit til eydimerkrinnar. ok saa at guðs dyrd birtiz i skyinu. sua at hann taladi til Moysen sua segiandi. Heyrda ek Jsraels suna kurr ok kiæru. at aptni man ek yör

¹) [.vii. tigher palmtreeo, B ²) [*tilf.* B ³) [*tilf.* B ⁴) *saal.* B; aars, A ⁵) Sur, B ⁶) *saal.* B; huert; A ⁷) [*saal.* B; þersarra stada, A ⁸) *aa*, B ⁹) i eydimorkinne, B ¹⁰) *moglande*, B ¹¹) *sodkelunum*, B ¹²) *hvern*, B ¹³) *samkande*, B ¹⁴) *ok*, B. ¹⁵) *aptni*, B ¹⁶) i *nogh* sua, B

gefa¹ kiðt at eta. enn um morna munut þer uid braud fæðaz² ok saddir uerda. uitandi þat at ek er ydarr 'gud drottinn. Bar þat ok sua til um aptaninn. at sua margr sa fugl sem coturnix heitir. ok uær kollum akrhænu. kom upp af þeirri rauda hafs halfu sem fiordrinn Arabicus er kalladr. þar sem hann fæðiz einkannliga. at hann huldi driugum allar herbudirnar. sua at allr Jsraels lydr matti sua taka hann sem [hann uildi³ ok hann til lysti. [*scolastica hystoria*.⁴ þenna fugl kall- ar Josephus ortigiam. enn Girkir kalla hann ortogomenam. huern er almenningr kallar af sinni raas curlerum upp i latinu. Enn um morg- ininn eptir kom su döggr af himni umuergiss allar þeirra herbudir. sua sem Moyses hafdi bediz fyrir. at hon loddi ok lindiz uid hendr- nar. sua sem aa henni uar tekit. Hugdu þeir i fyrstunni sem þeir saa. at hagl eðr héluskur nockur mundi fallit hafa. þiat þat uar upp aa þann haatt huitt ok smakornott⁵ uaxit ok uordit sik. Enn sua sem þeir kendu þat sua sætt sem hunang i bergingunni uera. enn sáá at eydimðrkin uar qllum megin af þersu hulit i hia þeim. sua sem af helu edr sniohuitum haglkornum. þa talaðu þeir sin i milli ok toku sua til ordz. Manhu. þat hefir sua mikit at þyða. huat er þetta edr huat hefir þetta at merkia. þiat þeir uissu eigi huat er þeir sáá. þadan af uar þat sidan kallat manna. er þeir sogðu sua spyriandi manhu. þat sama kollum uær himnamiol edr himnafædu.⁶

Exodus.⁷ Moyses svaradi þeim⁸ ok sagdi sua. þetta er su fædzla sem gud drottinn hefir ydr gefit til fædzlu ok uidrlifiss. Er þat hans ord ok bodskapr. at huerr sem einn af ollum ydr lesi ok saman taki sér til kostar ok⁹ eins dags atuinna þa mæling sem gomor heitir fyrir huern mann ok eigi meira. þeir gerdu sem gud hafdi bodit þeim. at þeir lásu manna saman um morgininn. fyrir þann skyllt at þat bráðnaði¹⁰ um miðdegis skeið. ef þat uar þa handlat ok samantekit. Enn þo at annarr tðki ser miklu meira enn annarr minna. þa hafði saa eigi meira sem mikit hafdi samantekit,¹¹ ok eigi helldr sá minna sem [litit hafdi¹² samantekit. utan helldr hofdu allir iafnmikit eptir fyll- ingu fyrr nefndz kers¹³ gomor. sua huerr sem þurfti. Liettliga at þat uar i einn stað nidrlagit. sua sem þat uar samanlesit. ok þadan fyllt¹⁴ sidan sérhuerium ok fengin þersi mæling. ella¹⁵ hitt at huersu mikit sem einnhuerr hafdi lesit ok uti samantekit. þa fann hann eigi¹⁶ þi meira edr feck þar af. þann¹⁷ tima sem hann kom heim til sealfs

¹) ydr tilf. *urigt*. A ²) feddir, B ³) [honum likade, B ⁴) [tilf. B ⁵) smakornutt, B ⁶) himnafædzlu, B ⁷) tilf. B ⁸) þa, B ⁹) saal. B; til, A ¹⁰) af solarhitanum tilf. B ¹¹) samanlesit, B ¹²) [adr hafde samnat ok litit, B ¹³) mælikers, B ¹⁴) fyllt, B ¹⁵) ellar, B ¹⁶) ekki, B ¹⁷) saal. B; annan, A

sins. enn mælikerit gomor. Vard þat ok miok merkiliga ok taknsauliga. at su mæling nægdiz aullum slétt. [*scolastica hystoria*.¹ Sua uar þat ok eigi síðr. at þar sem manna bráðnaði um middegiss skeid af solarhitanum. ef þat uar þa uti handlat ok halldit. þa hardnadi þat eigi² sidr uid elldinn. þiat sua biuggu þeir þat [til fædu ser.³ at i fyrstunni molu þeir þat i sundr sem smæst. knodadu sidan saman sem-iandi⁴ ok bakandi þaleidiss uid elldinn [sem annat brauð.⁵ þat hafdi hardla sætan saporem i sealfu sér. Sumum uard þers ilnur ok angi⁶ þi likaztr sem hunangbakat similiubraud. óðrum uard þat þi likt i munni sem þat braud sem medr oleo er bakat. Enn med huerium sem einum hafdi þat þann þef mest i munninum ok bergingunni sem sealfum honum likadi bezt ok hann lysti mest.

Exodus.⁷ Moyses baud þeim. at ekki ugta skylldi eptir uera til morgins af þi sem þeir hófdu samanlesit adr um daginn. Nockurir af þeim gerdu moti þersum hans bodskap ok uardueittu til morgins þat sem af gekk um kuellidit. Var þat þa þegar allt alrotit ok uall upp af mōdkum. Reiddiz Moyses þa folkinu ok ásakadi þa um sina afgord. Las þa huerr sér um morgininn sua mikit sem honum uannz þann dag til kostar ok atuinu. þiat þat bráðnadi sua sem solin skein sem biartaz.⁸ Moyses baud þeim.⁹ at þeir læsi sér ok tæki tuifalldan kost aa hinum .vita.¹⁰ degi uiku. sua at huerr madr tæki þa .ii. fyrr nefnd mæliker gomor. vynni þa sydi ok matbiðggi¹¹ alla þa luti sem þeir þyrfti aa laugardaginn at hafa. Sagdi hann þeim sua. at laugardagsins huilld helgadz af sealfum gudi. þeir gordu sem hann baud. at þeir uardueittu til laugardags morginsins þat sem aa freadaginn leifdiz. funadi þat medr óngu moti ok eigi fannz þar nōckurr madkr i. [*scolastica hystoria*. Eru þeir þo nokkoer sem segia. at enghen af þeim lese moirr enn eitt meliker helldr a hinum .vii^{da}. deghi enn óðrum doghum. hefer saa kost þa meðr iartegnum sua siolgaz ok aukaz. at hann skylldi vinnaz vm .vii. dagha. Hafa þeir þat fyrir seer til sannanar þersa skilnings ok skilrekkiss. sem her er nokkoru sidarr lesit. at fyrir þa grein hefer guð drottinn yðr a hinum .vita. deghi tuifalldar vistir veitt.¹²

Exodus. Enn sem laugardagrinn kom. þa gengu nockurir af Judum ut þers órindiss at lesa saman himnamiolit i moti guds bodskap ok Moysi. ok fundu þa¹³ huergi. Taladi gud þa til Moysen. Huersu lengi uilit þer eigi hallda mitt lōgmaal ok at geyma minum bodord-

¹) [tilf. B ²) þui tilf. B ³) [seer til bordz, B ⁴) þat tilf. B ⁵) [tilf. B ⁶) þefr, B ⁷) tilf. B ⁸) heitaz, B ⁹) ok tilf. B ¹⁰) .vii., B. ¹¹) matbyggo, B ¹²) [tilf. B ¹³) þat, B

um. Seait hedan af ok at geymit. at gud drottinn hefir yðr huillardar-
daginn gefit. ok fyrir þa grein hefir hann yðr aa hinum .vita. degin-
um tuifalldar uistir ueitt. Uerj huerr sem einn þa heima at sealfs sins.
gangi engi ut af sinum stad ok heimili aa hinum .viida. deginum. ok
halldi folkit hatidliga hinn .viida. huern huillardarag. Kölludu Jsraels
synir þersa sædzlu sidan manna. sem fyrr uar sagt. Var þat sniohuitt
ok sua uordit sik sem haglkorn. ok flestum uard þers sapor likaztr¹
hunangsbakaðu similiubraudi edr setum² hueitissalla medr hunang.³
Moyses taladi þa enn til folksins ok sagdi sua. Gud drottinn bydr.
at þer fyllit mælikerit gomor medr himnamiðlinu. til þers at þat uard-
ueitiz ydrum kynkuislum⁴ til æuinligs minnis um eptirkomandi uer-
alldir. huersu hann sæddi ydr i eydimörkinni. þann tima sem [þer
vorut⁵ utleiddir af Egiptalandi. Taladi hann þa sua til brædr sins
Aarons. Tak þer eitt ker ok lát þar i sua mikit af manna sem mæli-
kerit gomor tekr. hird þat sidan ok uarðueit i guds augliti. sua at þat
geymiz um eptirkomandi alldir medr ydrum kynkuislum ok ættmonnum.
eptir þi sem gud hefir boðit mer Moysi. Aaron gordi sem honum uar
bodit. at hann lét þat nidr i eina þa ringiu sem af gulli uar giðr. ok
[hirdi þat⁶ fyrst i þeirri litlu tialldbud. sem ebreskir menn segia at
þeir hafi i fyrstunni haft. i huerru er þeir radfretuz i sinum uand-
amalum uid gud drottin. Fæddiz allt Jsraels suna⁷ folk medr þersarri
hinnamiols sæzlu alla þa .xl. aara. sem þeir uoru i ueginum i eyd-
morkinni. þar til er þeir komu til Chanaanlandz herada ok landa-
mæra.

Fra ferð Jsraels suna af eyðimork ok þui er guð talaði
við Moyses.

92. Eptir þersar iartegnir foru allir Jsraels synir i brott af fyrr
nefn dri eydimork Sur medr guds tilskipan. hafandi sinar dualir ok
nättstadi eptir skyssins teiknan ok tiluisan. þiat þeir foru iafnan þar
eptir ok fylgdu sem hann⁸ for fyrir. sem fyrr uar sagt. enn namu
þa stadar ok settu sinar herbudir. er hann⁸ stöduadiz.⁹ Foru nu þar til
er þeir komu i Raphadim setiandi þar ok festandi sinar herbudir. Enn
fyrir þa sök at þar beid engiss kyns uatn folkinu til drykkjar. þa
kigrdi þat sik fastafari [þar um uid¹⁰ Moysen. bidiandi hann gefa
ser nockut uatn at drecka. Hann¹¹ sagdi þeim sua. Til huers deili þer

¹) tilf. B ²) saal. B; sem, A ³) hunanghi, B ⁴) ok afkuæmi tilf. B
⁵) [saal. B; þeir uaru, A ⁶) [saal. B; hirda þar, A ⁷) mgl. B ⁸) þat, B
⁹) ok nam stadar tilf. B ¹⁰) [kallzande þar um, B ¹¹) suaraðe tilf. B

uppá mik, edr hui freistit þer guds¹ drottins. Þeir suaradu. Fyrir hui leiddir þu oss til þers ut af Egiptalandi. at þu² dræpir her bædi oss ok börn uár ok þar medr allan uarn fenað af þorsta. Moyses het þa enn ok kallaði til guds³ drottins sua segiandi. Huat skal ek uidr þetta folk ok mannfolda gora. Ek hefir her enn litla stund fylgt ok medr þeim farit. ok man hann nu skiott gryta mik uilia. Guð taladi þa til Moysen. Kalla medr þer alla hina fremztu formenn af Jsraels folki⁴ ok haf i hendi þer þann sama uðnd. sem þu laust medr ána Nilum. ok far fyrir til siallzins Oreb. man ek þar standa fyrir þer yfir þeim⁵ siallzins [hellum edr steinum.⁶ sem þu skallt medr uendinum liosta. ok man þegar þar i mot or þeim sama steini sua mikit uatn frammu fliota. at folkit man ual mega drekka. [*scolastica hystoria*.⁶ Oreb er einn partr af siallinu Synay. annur ok i ðdrum stad er hellan⁷ Oreb. huer er af þi uar kallat sua. at þar uar sa mikilsháttar maðr drepinn sem Oreb het. *exodus*.⁸ Moyses gordi sem gad baud honum. ok þegar i stad flaut⁹ af þeim sama steini sua mikit uatn. at þeir allir fengu þar af i nog at drekka. Kalladi Moyses þann stad fyrir. þann skyld af þeirra kifan ok kallzi¹⁰ sua sem freistnunar stad. þiat þeir freistadu þar gud drottins sua segiandi. Huart er gud drottinn medr oss edr eigi. Annur [er þar¹¹ sem motmælis uðtn eru sidan¹² köllud. þoat iartegnin ok stormerkit se nockut likt. sem heyras mun mega.

Fra þui er Josue barðiz við heiðingia.¹³

93. Þann tima sem Moyses kom i Raphadim. sðmnudu þeir heidnir¹⁴ menn herlidi¹⁵ saman. sem Amalechite uaru kalladir. ok foru medr þii sama herfolki i eydimorkina ok ætladu at beriaz medr Moysen ok hans menn. [*scolastica hystoria*.¹⁶ Strabus segir at Amalech het¹⁷ son Ysmaels Abrahams sunar. af huerium er Amalechite uaru kalladir enn stundum Ysmaelite. þeir hinir sðmu ok allir einir eru ok Sarraceni. Þersa segir Josephus hina mestu bardagamenn uerit hafa ok af nalægum¹⁸ þiodum til bardaga moti hinum ebreskum leigda hafa uerit. *exodus*.¹⁹ Nu sem Moyses spurdi til ufridar²⁰ þeirra Amalechs manna. þa [valde hann þann²¹ einn hinn fremzta ok hinn fræknazta²² bardagamann af Jsraels [suna ætt.²³ kominn af ætt Effraims Josephs sunar.

1) gud, B 2) gud, B 3) kyni, B 4) þeirre, B 5) [hellu edr steini, B 6) [tilf. B 7) saal. B; kollut, A 8) tilf. B 9) spratt ok, B 10) [þeirra kallz ok kiðru, B 11) [eru þau, B 12) sidarr, B 13) *Overskriften ugl. i B 14) heida, B 15) ser her vida, B 16) [tilf. B 17) var, B 18) siarlægum, B 19) tilf. B 20) ferða, B 21) [saal. B; kalladi hann sér, A 22) framazta, B 23) [sonum, B*

[moðr faam uþpntum monnum til ferðar ok orrostu moti þeim Amalechitis.¹ þann sem Jesus het ok ðdru nafni Josue. [enn leet miest-
an luta lýdsins viðr herbudernar efter vera at geyma þeim ok
ollu þeirra godzi.¹ ok taladi sua til hans. Vel þer menn af uaru lidi
til föruneftis ok framngöngu medr þer moti þeim Amalechitis, sem
flokk ok ufrid hafa efdan i moti oss, þiat i morgin skulut þer beriaz
uid þa. Enn ek man fara upp aa fiallit, þangat sem ek megi uel sia
til bardagans, hafandi uðndinn mer i hendi ok bidiandi gud fulltings.
Enn af þi at Josue uar einn raustr madr ok rettlatr.² godr ok gud-
hræddr, þa gerdi hann eptir þi sem Moyses baud, at hann ualdi nokk-
ura menn ekki miok marga til fylgdar ok bardagha medr ser moti
þeim hinum heidnum. Enn Moyses kalladi bróðr sinn Aaron til ferdar
medr ser, ok þann mann annan sem Ur het ok uar bondi Marie systur
Moysi, enn þo segir i þeirri bok sem Paralippomenon heitir, at hann
uæri son Caleph ok Marie ok fodur fadir smidsins Bethel.

Foru þeir allir samt upp a fiallit, þar sem þat uar i hæra lagi,
huadan er þeir mattu ual sea, huersu bardaginn gekk huarum Josue
edr hinum heidnum. Ok þegar sem bardaginn tokz ok Moyses hellt
upp höndunum til himins sua sem bidiandi til guds, þa hopudu heid-
ingiar aa hæl ok flydu. Enn þegar i stad sem hann³ let þær nidr
siga, huersu litla stund sem þat uar at hann hellt þeim eigi upp, þa⁴
gekk hinum heidnum betr. Nu af þi at Moysi uaru hendrnar miok
þungar, en þeir Aaron ok Ur skildu þo, at bardaginn halladiz iafnan
eptir þi áá hina heidnu sem Moyses hellt upp höndunum, þa settu þeir
undir hann einn stein, á huerium er hann sat. Enn undir sina hans
hand studdi huárr þeirra, ok liettu sua upp at honum skyldi þær eigi
þyngiaz eðr dofna, ok helldu⁵ þersu framm allt til solar setrs. Flydu
hinir heidnu þa, enn Josue rak flottann ok drap þann dag margan mann
af Amalechitis medr sinu suerdi. [*scolastica hystoria*.⁶ J minning þersa
handa upphaldz Moysi hefr prestrinn ok helldr upp sinum haundum
i messunni, ok þo engum mun⁷ minnr i minning þers ok merking
sem Jesus Cristus rétti sinar hendr bidiandiz fyrir áá hinum heilaga
krossi. *exodus*.⁸ Eptir þat taladi gud til Moysen. Skrifu þenna sigr
til æfínligs minnis upp aa þa bok, sem þu skallt Josue tíá ok i hendr
faa, fyrir þi at ek man minning Amalechitarum eydaz lata manna i
milli. Moyses gerdi sem gud baud honum, hann gordi þa ok guði
alltari offrandi honum fornir kallandi þar medr ok heitandi aa sealfs
hans nafn.

1) [*tílf.* B 2) rettviss, B 3) hafðe þær nidr at ser ok hann *tílf.* B 4) vann
Amalech ok *tílf.* B 5) hellt, B 6) [*tílf.* B 7) ok *tílf.* B 8) *tílf.* B

Her segir frá Moysi ok af tillaugu ok raðágerð Jethro.¹

94. Enn sua sem fyrr nefndr Raguel kennimadr af Madians landi, mágr ok frændi Moysi, huerr er odru nafni het Jethro, heyrði frasagnir af þeim lutum, sem gud hafði gert Jsraels folki fyrir sinn þionostumann Moysen, ok at hann hafði þann sama lyd ut leitt af Egiptalandi. Þá kom² hann til fundar uid Moysen i eydimorkina. Þar sem hann hafði sinar herbudir sett³ uidr guds fiall Synay, sua framt sem hann fretti þat uissuliga, at hann uar þar kominn, flytiandi þangat medr sér dottur sina ok husfru Moysy Sephoram ok syni þeirra .ii. Gersen⁴ ok Eleazar. Ok þegar sem Jethro gordi honum bod, at hann mundi þar koma medr sunum hans ok husfru, þá geck hann blidliga⁵ i moti honum, heilsadi þeim ok mintiz uidr þau ok baud þeim heim til budar sinnar. Ok sem Jethro uar þar kominn, tedi Moyses honum innuirduliga⁶ oll þau takn ok stortidindi,⁷ sem gud hafði gort uid Pharaonem ok allt hans folk fyrir Jsraels skyld, ok huersu gud frealsadi þá af allri þeirri mædu ok erfidi, sem þeim hafði i ueginum ok ferdinni til fallit. Jethro uard storliga⁸ gladr, sua sem hann heyrði þersi tidindi ok stormerki ok huersu marga goda luti er gud gerdi Jsraels folki, ok sagdi sua. Blezadr uerdi⁹ gud drottinn, sa sem ydr frealsadi af Pharaonis ualldi ok hans folks áánaud ok ufridi. Nu skilr ek þat ok skyniar uissuliga, at herra gud drottinn¹⁰ er yfir ok um framm alla adra guda. Oftradi Jethro þá gudi fórnir, eptir þi sem mágr hans Moyses sa fyrir. Enn eptir þat átu þeir Aaron med oðrum hinum fremztum Jsraels formonnum allir samt i guds augliti. [*scolastica hystoria*,¹¹ Augustinus syniz¹² eigi uilia, at heidinn madr hafi gudi fórnfært, sua sem Jethro uar. Tekr hann helldr sua, at Moyses hafi fornfært af hans uegna, enn¹³ sidan hafi Jethro tekit sinn part af þeirri sömu fornfæringu ok etid. Liettliga at Moyses hafi þann tima þá sömu fornfæring offrat uidr fiallit Synay, sem [gud baud¹⁴ fyrr meirr. [þá er¹⁵ hann uitradiz honum i runninum, þiat Josephus segir Jethron¹⁶ þar hafa komit á fund Moysy uidr fiallit Synay, sem hann hafði flestar synirnar ok uitranirnar i runninum seod, sem fyrr uar fra sagt.

Exodus,¹⁷ Annan dag eptir sem Jethro uar medr Moysi, bar sua til sem iafnliga kunnir til koma, at Moyses sat allt fra [morgins timanum ok¹⁸ til aptans yfir domum ok odruum¹⁹ uandamálum. Nu sem

1) *Overskriften* ingl. i B 2) for, B 3) settar, B 4) Gersan, B 5) vt tilf. B 6) innuirdilega, B 7) stormerke, B 8) storlegans, B 9) see, B 10) yðarr tilf. B 11) [tilf. B 12) segiz, B 13) ok, B 14) [honum hafðe gud bodit, B 15) [sua sem, B 16) saal. ogs. B 17) tilf. B 18) [morgintima, B 19) folksins tilf. B

Jethro sa. at folkit stod allan daginn bidandi þar eptir allt til aptans. þa taladi hann til Moysen. Huat hefir þetta at þyda. sem þu gerir meðr folkinu. þar sem þu sitr allan daginn dömandi einn saman allra manna máál. enn almuginn bidar þar eptir allan daginn fra morni til aptans. Moyses svaradi. Folkit kemr dagliga fyrir mik ok beidiz þann orskurd ok endalykt aa sinum málum. sem gud leggr raad á. Ok þegar¹ sem þeim hefir [nokkurs kyns² grein edr áskilnadr til komit. þa fara þeir aa fund minn til þilikrar lausnar ok orskurdar. sem ek leggr raad³ aa meðr guds bodordum ok lögmali þeirra i milli. Ecki er þetta god gord ne uitrilig sagdi Jethro. at þu bindir þer sua mikla ok þunga byrði. at þu fáir meðr öngu moti borit. Fæz þu ok allt þat folk sem meðr þer er i hardla heimsligu⁴ hegomastarfi. þiat þetta starf allt saman er um framn þinn mátt ok megn.⁵ at þu megir þi einn saman esla ok orka. Heyr helldr mina tillaugu ok haf min rad. ef þer likar. ok mun gud drottinn meðr þer uera. Jollum þeim lutum skalltu folkinu ok almuganum til reidu ok þeirra forsiomadr uera. sem gudi til heyra.⁶ segia lydinum innuirduliga lagasetningar ok adra þa luti. sem af gudi ero til hans taladir. þu skallt ok skiluisliga skyra honum ok syna. meðr huilikum hætti edr sidsemd er hann skal sealfan hann dyrka. ok þar meðr huat er hann skal gðra ok i aullu fram fara. Vel sidan meðr sealfs þins forsiö af öllu þersu folki uold-ugha menn ok ual gudrædda. þa sem sannleik prisi ok plagi enn hati ok fyrirmái yfirgirnd ok aagirni. Skipa þa sem þer þickia bezt tilfallnir af aullum þeim sinn formann ok höfðingia. fyrst yfir sérhueria ætt ok kynkuisl. edr sua ok yfir serhueria þusund. þar næst hundrads höfðingia. þeim næst þa sem forsiö beri fyrir simtligum manna. eptir þat hina sem .x. manna formenn sé. at þersir dæmi dagliga semiandi ok nidrsetiandi aull hin smæri mál manna i milli. Man þer þa miklu liettara falla. þo at þeir dæmi at eins um hin minni maliu. enn hin se til þin lagit ok rekin. sem einna stærst ok mestháttar eru. Mant þu sua uel mega fylla guds bodskap ok esla ollu þinu starfi. ef þu hefir þaleidiss gort. ok sua man allt þetta folk meðr fridi aptr fara til sins heimilis.

[*Scolastica hystoria.*⁷ þat er⁸ mikilliga merkianda.⁹ af fyrrnefndr Jethro telr uolddugleik fyrst af þeim .iiii.¹⁰ lutum. sem hann teer ok synir. at meðr þeim manni eru hugleidandi ok hæfir at séó. sem til formanz¹¹ er takandi¹² ok ueliandi. þiat hann stettir hardla mikit.

1) leið tilf. B 2) [nokkur, B 3) mgl. B 4) heimskleggha, B 5) megin, B

6) sua ok tilf. B 7) [tilf. B 8) ok tilf. B 9) greinanda, B 10) saal. B; .iii., A

11) formanzskapar ok doma, B 12) tilhafande, B

of hinir .iii. fylgia iafnframm, ok fara meðr honum sem hann skildi til meðr at þers háttar [menn skyldi uera gudræddir. elska¹ sannindi, enn fyrirsma mutur ok aagirni. ella er þilikaz sem undirmenninir se bædi sottir med eitir ok suerd.² Su uar ok hans rádagörð ok tilskipau. at huerr sa formadr³ sem yfir uar skipadr hueria sem eina Jsraels ætt skyldi⁴ þushundrads höfðingia hafa undir sér. enn huerr þeirra .x. hundrads höfðingia. huerr hundrads höfðingi .ii. fimtighe⁵ manna höfðingia, enn huerr þeirra .v. þa sem .x. manna formenn uæri.⁶ Skyldu þersir deçani sem sidarstir uaru i formanna taulunni dõma þau smæstu mal. sem til felli manna i milli ok eigi uæri fleiri i uafdir enn tiu. Tæki þeir eigi yfir. þa skyldi þi⁷ skipta æ til hins næsta formannz ok dõmar. ok sua fra huerium [til hins⁸ hæra doms. ok at sidarstu til sealfs Moysen. of þers þurfti⁹ uid. ok uar¹⁰ þat hardla sialldan. utan þau hin størstu maal sem¹¹ honum einum saman til heyrdu. Ypp a þenna¹² haatt helldr ok hefir heilog Romueria kirkia hardla margar stettir til skynsamligrar skodanar ok skilrikra¹³ málanna orskurda¹⁴ heilagri kristni.¹⁵ sua sem primates¹⁶ edr patriarchas. erchibyskupa ok lydbyskupa. erchidiakna ok erchipresta. ok þar meðr hinir minni¹⁷ hattar kennimenn. þeir sem dom ok raad leggja aa meðr monnum um hinar smæri sektir ok syndir. ok nõkkurar eigi sidr þær hinar størri sem leyndar eru. enn hinum storum¹⁸ þeim sem opinberar eru stefna þeir ok bida til byskups.

*Exodus.*¹⁹ Enn sem Moyses heyrði þersa hans radagiord ok tilþõgu. þa giordi hann sua ok for her um allt þetta framm. sem hann hafdi fyrir sagt. Skamufyllidiz eigi sia hinn heilagi madr Moyses. sem fullr uar af²⁰ gudligri [tru ok²¹ giptu. at hafa þat raad. sem þersi hinn heidni madr mágr hans hafdi talat ok til lagit meðr honum. Eptir þat gaf Moyses honum gott orlof. for Jethro sua²² aptr i sitt eigit land Madyan.²³

1) [skyldi vera goðr formaðr at seghia, B 2) suerde, B 3) ok höfðingi tilf. B 4) æ tilf. B 5) saal. B; .i., A 6) hafi, B 7) maali tilf. B 8) [upp til, B 9) þyrfti, B 10) varð, B 11) sealfum tilf. B 12) þann, B 13) skilrekkra, B 14) i tilf. B 15) kirkju, B 16) saal. B; primatus, A 17) saal. ogs. B 18) storum, B 19) tilf. B 20) mgl. B 21) [mgl. B 22) heim tilf. B 23) Hæd her følger fra Cap. 95 til 145 (svarende til Resten af Mosebøgerne fra anden Bogs Cap. 19 af) er senere indskudt i Cod. A, skrevet paa 8 Blade og med en fra den øvrige Text forskjellig yngre Haand. Den oprindelige Haand begynder atter med Josvæ Bog. I Cod. B mangler dette Stykke, og Afskriveren har ladet 2½ Spalte aaben for maaske senere at tilføie det her manglende.

95.¹ A þridia manadi eptir brottfaur Gydinga af Egiptalandi komu þeir i audn Synay. Þuiat þeir foru ur Raphedin i Sin. ok settu þar herbudir sinar vit siall þat er þar var. Ok er þeir voru þar. þa kalladi drottinn aa Moyses² ok mællti. Þessa hluti skalltu segia sonum Jacobs ok Jsraels. þer saud þa hluti er ek giorda egipzkm monnum. huersu ek þar ydr suo sem yfir arnaruengi ok vog ydr upp til handa mier. Nv ef þier heyrit, raudd mina (ok) vardueitid þier saattmal mitt. þa munu þier vera mer einkannligr lydr af aullum lydum. Þuiat ek aa alla iordina ok þer munut uera mier i kennimannligt riki ok i heilagt lan. Ok er gud hafdi þetta mællt. þa for Moyses ok kalladi aa kynstora menn ok sagdi þeim þat er gud hafdi mællt vit hann. Allr lydrinn suaradi honum. Giora munu uier þat allt er gud bydr. Nu er Moyses hafdi þessi ord lydsins framm rakit til drottins. þa mællti gud vit Moyses. Koma mun ek til þin i þoku skys. at³ lydr minn heyre mik mælanda vit þik ok trui þier at eilifu. Far þu ok helga folkit i dag. ok aa morgin þuoi þeir klædi sin ok se bunir aa þridia degi. Þuiat aa þridia degi mun drottinn nidr stiga yfir siall Sinay fyrir aullu folki. Mark skaltu giora umhuerfiss siallit ok bioda aullum lyd. at þeir gangi eigi yfir þat mark aa siallit. Þuiat sa er gengr yfir þat mark. þa deyi hann dauda. Eigi skulu hendr (til) hans taka. helldr se hann grioti bardr edr skeytum raufadr. huort sem yfir merkit gengr menn edr fenadr. Ok er þeir heyra ludrinn⁴ syngia. þa rise aller upp ok gangi til siallzins. Moyses sagdi lydnum þessi ord drottins. er hann hafdi mællt. Ok er þeir haufdu þuegit klædi sin. þa mællti Moyses. Verit þier bunir aa þridia degi ok halldit hreinlifi ydru þar til. Enn er enn þridi dagr var. ok um morguninn tok at skygia. þa heyrdur þeir reidarþrumur. ok þeir sa elldingar siuga. ok þyck sky huldu⁵ siallit. Ok aakafligr ludrablastr heyrdizt. folkit hræddizt þat er i herhudunum var þessar ognir. Allt siallit Synay rauk. þiat drottinn ste nidr i elldi yfir siallit. ok af þeim elldi rann reykr upp sem af ofni. Allt siallit var ogurligt. ok ludrablastr ox i hærra hliod ok leingra. þa leiddi Moyses lydinn allann ut ur herbudunum at siallinu. Gud mællti þa vit Moyses. Far þu upp ok Aaron brodir þinn med þer.

96. Gud mællti vit allann Gydinga lyd. suo at aller heyrdur. Eg em drottinn gud þinn Gydinga lydr. sa er ydr leidde aa brutt af Egiptalandi. ok leysta ek ydr af þrældomi. Eigi skulu þier onnur gud dyrka enn mik. Eigi skulu þier ydr skurgod giora eptir likeingu þeirri sem aa himnum er edr aa iordu i uotnum eda undir iordu. Eigi skulu þier

¹) Överst paa Siden staar: Assit principio sancta Maria meo. ²) rett. for Moyses

³) rett. for ok ⁴) rett. for lydinn ⁵) rett. for huldi

þa hluti vegsama ok faga. Eg em drottinn gud yduarr styrkr kappi. vitiandi illzku fedra aa sonum ok i ætt ina þridiu ok ina fiordu þeirra er mik hata. ok gerandi miskun i þusund þeirra er mik elska ok min bodord varducita. Eigi skulu þier taka nafn drottins vit hegoma. þiat gud mun þann eigi saklausan hafa. er vpp nemr nafn mitt drottins guds yduars ofirirsyniu i hiegoma. Minnizt þier at hallda helgan þuottdag huern. Siex daga skulu þier vinna verk ydur. Enn aa sionda dag skalltu hallda huildardag drottins guds þins. Eigi skalltu neitt vinna aa þuottdagi. sonr þinn ok dottir þin. þræll þinn ok ambatt þin. eykr þinn ok vilendr madr sa er med þer er. ok firir innan hlið þin skal ecki vinna aa þuottdag. A siau daugum giordi drottinn himin ok iord. sio ok alla hluti þa er i þeim ero. enn aa sionda degi huildizt hann af aullu verki. firir þui blezadi drottinn þuottdag ok helgadi. Vegsama þu faudur þinn ok modur þina. at þu sert langærr yfir iordinne. þa er gud mun gefa þer. Eigi skalltu vega. Eigi skalltu hordoma giora. Ok eigi skalltu stela. Eigi skalltu liugvitni bera i gegn naungi þinum. Ok eigi skalltu girnast hus naungs þins. eigi skalltu girnast konu naungs þins. eigi þræl. eigi ambatt. eigi vxa eda asna ok aungvann hlut þann er annar aa. Allr lydr heyrdi rauddina ok suo hornblastr ok sa dal ok riukanda fiall. ok hræddir voru þeir miok ok lostnir med ogn. ok mælltu vit Moyses. Mæl þu vit oss. at uer heyrin ok munu ver heyra. Mæli eigi drottinn vit oss. at eigi berizt suo at. at uer deyim. Þa mællti Moyses vit lydinn. Hrædzit þier eigi. þuiat til þess kom gud. at hann reyndi ydr ok at ogn hans uæri yfir ydr. til þess at eigi misgerði þier. Lydrinn stod miog langt fra fiallinu. Enn Moyses geck at þok- unni þeirri er gud¹ var i. Drottinn mællti þa vit Moyses. Þessa hluti skalltu seigia sonum Jsrael. þer sad ok heyrdi(t) þat er ek mællta vit ydr af hinne. Eigi skulu þier gera ydr god af gulli eda silfri. Alltara skulu þier giora mer aa iordunne. ok þar yfir skulu þier færa fridsamliga hluti ydra. Saude ydra skulu þer i forn færa i huerium stad. þar er minning verdr gior mins nafns. Eigi skalltu aunnur god elska enn mik. þuiat ek mun koma til ydar ok bleza ydr. Ef þier gioret mier steinalltara. þa gior þu þat eigi af skornum steinum. þuiat ef þu hefr upp knif þinn yfir þat. þa saurgazt. Eigi skalltu vm palla vpp stiga til alltaris. at eigi uitrezt liotleikr þinn.

97. Þesser ero domar þeir er þu skalt þeim firir setia. Ef þu kaupir ebreskan þræl. þa skal hann þer .vi. uetr þiona. enn hann skal aa sionda ari brutt fara kauplaust sem hann kom. Enn ef hann aa konu. ok fari hun aa brutt med honum. Enn ef hann aa sonu ok dætr. veri

1) rett. for fiallit

konan ok börn hennar drottins sins þionar. enn hann sialfr fari aa brutt med klædum sinum. Nu ef þrællinn segir. Elska ek drottin minn konu ok sonu. ok þu vil ek eigi frials aa brutt. þa skal drottinn hans færa hann gudi. ok vit mun hann leggiast vit dyr ok dyristafi. ok raufa mun drottinn eyra hans med al. ok mun vera hans i veralldir. Ef nockur madr selr dottur sina til ambattar. þa skal hon eigi suo aa brutt fara sem adrar ambattir ero vanar at fara. Ef mislikar augum drottins sins þess er hana hefir keypta. þa lati hann hana aa brutt fara. Eigi skal hann selia hana vtlendum lyd. þo at hann ræki. Ef hann fastnar hana syni sinum. giore hann vit hana sem vit dottur sina. Enn ef hann tekr adra konu. þa mun hann ok sia meynne giasford. ok eigi mun hann neita henni klædi ok verd med grandværi. Sa er mann lystr ok vill vega. deyi hann dauda. Sa madr er (eigi) sitr um annan. en gud selr annann i hond honum. setia mun ek stad þann er honum skal til fylgia. Ef nockur madr uegr naung sinn. ok um mot farar. rek þu hann aa brutt fra alltari minu at hann deyi. Sa er lystr faudur sinn eda modur. deyi hann dauda. Sa er manni stelr eda selr hann hann. deyi hann dauda yfirstiginn af sakfelli. Sa er bauluar faudur sinum ok modur. deyi hann dauda. Ef menn þrætast aa. ok lystr annar annann med steine eda hnef(a). ok deyr hann eigi helldr liggr hann i reckiu. ok ef hann riss vpp ok gengr med staf vti. þa mun hann saklauss vera. ef hann helldr vpp verkum hans aamedann. ok gialldi hann allann lækningar kostnad. Sa er lystr med hendi þrel eda ambatt. ok deya þau af hans haundum. lastar mun hann sekr vera. Enn ef hann lifir einn dag eda .ii. þadan af. þa mun hann eigi pisl undir liggia. þuiat þræll ok ambatt ero hans fe. Ef menn verda reidir. ok lystr madr kuiduga konu. suo at haufn sv deyr er hon ferr med. ok skilst hon vit haufnina. enn hon lifir sialf. sa er laust skal liggia undir domi þuilikum. sem buandi hennar ok domendr dæma. enn ef kona deyr. þa skal hann giallda aund firir aund auga firir auga tann firir tann hond firir haund fot firir fot bruna firir bruna sar firir sar. Ef nauckur madr lystr i auga þræls sins ok ambattar. þa skulu þau frelsi hafa firir augat þat er hann ut stack. Ef madr brytr taunn vr þræli sinum eda ambatt. þa skal hann þeim frelsi gefa. Ef gridungr stangar konu eda kallmann til bana. þa skal gridunginn grioti beria til bana. ok eigi skulu menn hann eta. ok sa madr er gridunginn aa mun saklauss vera. ef hann visso eigi at gridungrinn var ygr. Ef gridungrinn er ygr .ii. daga eda .iii. ok veit sa er aa at hann er ygr. ok vill hann eigi vardveita gridunginn. ok stangar hann karlmann eda konu til bana. þa skal beria gridunginn grioti til bana ok suo þann mann er aa gridunginn. Ef

menn villiá fe taka firir hann. þa skal hann giallda þuilikt firir sik sem hann er beiddr. Þuilikv atkuædi skal hann undir liggia. þo at gridungr stangi son hans eda dottur. Ef naut stangar þræl eda ambatt til bana. þa skal sa er naut aa giallda gillda .xxx. ciklos drottni þræls eda ambattar. enn gridung skal beria grioti til bana. .xv. peningar ero ciklos. Ef nockur madr grefr grauf. ok fellr þar i oxi eda asni ok deyr. þa skal sa madr er grofina grof giallda verd fenadarins þeim er sied atti. en hann skal giallda naut firir naut. enn hann skal hafa þat naut er do.

98. Ef nockur madr tekr naut eda saud ok haugr eda selr. þa skal hann giallda .v. naut firir .i. ok .iiii. saude firir einn saud. Ef þiofr verdr fundinn er hann brytr hus eda ryfr. ok er hann ueginn at þui uerki. þa sek(i)zt eigi uegandi aa honum. Ef hann giorer þat at vppruninne solo. þa framdi hann manndrap ok sialfr deyr hann þa. Ef þiofrinn hefir eigi fe til at giallda firir stuldinn. þa skal hann sialfan sik selia ok giallda sitt verd firir stuldinn. Ef saudr eda naut finnt lifanda med þeim manni er stal. þa gialldi hann aptr tuigioldum. Ef nockur madr beitir akr annars mannz eda vingarda. eda spillir annan ueg. þa gialldi hann þat firir er aa bizt aa okrum eda vingordum. Ef elldr brennir bæi eda akra. þa aa at bæta þann skada sa er elld kueikti. Ef nockur madr selr uin sinum ker eda annan grip til vardueitzlu. ok verdr þat stolit aa brutt. ok ef þat spyrst vpp. þa gialldi þiofnat tuennum gioldum. En ef eigi finnt þat er stolit er. þa sueri¹ sa vit-gud er vardueitti. at hann hefir eigi stolit ne suikit fe annars mannz. huort sem horfit hefir naut eda saudr eda annat fe. ok huatki er skadi ma at verda. [Ef madr selr² i hendr naungi sinum til vardueitzlu oxa eda asna eda annan fenad. ok deyr þat eda lemzt eda bitr dyr ok ser eingi madr þat. sueri hann eid. at hann rietli eigi hond sina til eigu naungs sins. Ok skal eigandi fiarins þiggia hans suardaga. ok er uardueitzlumadr þa eigi skylldr at giallda skada fiarins þeim er feit atti. Ef vardueitzlumadr fiarins færir eiganda þat sem dyr bitr. þa er hann eigi skylldr at bæta skadann. Sa madr er at lani tekr fe af manni. ok deyr þat eda lemzt suo at eigandi er eigi hia. þa skal hann giallda skadann þeim er atti. Ef eigandi er uit staddr. þa er hann eigi skylldr at giallda. ef leigt hefir verit þat ok komit mest firir verdkaupi verksins. Ef nockur madr suikr mey eigi manni fastnada ok misþyrnir hann henne. þa skal hann þa mey mundi kaupa ok ganga hana at eiga. Ef fadir meyar vill honum eigi gefa hana. gialldi hann þa þuilickt fe med henni. sem mundr hennar er ok meyar ero uanar at taka.

¹) rett. for suari ²) [rett. for komi

Eigi skaltu illuirkia lifa lata þann er vit kuikuendi aa vitskipti. deyi hann dauda. Eigi skaltu hryggja ne kuelia utlenda menn. þuiat [þer uorut¹ utlendir aa Egiptalandi. Eigi skulu (þer) grand giora eckiu eda vngum manni. þuiat þau munu til min kalla. ok mun ek heyra kall þeirra. ok mun reidazt hefnd min ok mun liosta ydr med suerdi. ok munu konur ydrar uerda eckiur ok synir ydrir littir. vegizt sa er skur-god blotar. Ef þu gefr daudan fenat folki minu þui er med þer er. þa skaltu eigi þraungua þui suo sem heimtari. ok eigi med leigu skaltu þui þraungua. Ef þu tekr klædnat af naungi þinum. þa gialltu honum þat firir solar fall. þuiat sialft er eitt skryding likama hans. su er hann klædzit med. ok eigi hefir hann annat til abreidu þa er hann sefr. Ef hann kallar til min. þa mun ek heyra ord hans. þuiat ek em mysk-unnsamr. Eigi skaltu gudi hallmæla. ok eigi skaltu bolua haufdingia lyds mins. Tiundir skaltu eigi duelia at giallda ok frumburdi. Frum-getning sona þinna skaltu mer gefa. ok suo ed sama af nautum ok saudum. .vii. daga skal þat med modur sinne vera. enn aa atta degi skaltu mer þat giallda. Helgir menn minir skulu þier uera. þann fenad er dyr bitr ok etr af skulu þier eigi eta. helldr skulut þier þat hundum gefa.

99. Eigi skaltu liuga ne lygi trua. Eigi skaltu liuguitni bera med omilldu(m). Eigi skaltu flock fylgia til illgiorda. ok eigi skaltu hlyda margra manna atkuædi i dome. at þu gangir glapstiga fra saunnu. Eigi skaltu myskunn neita i fatækum kaupstad. Ef þu renn at moti vxa eda asna. þeim er villr hleypr ok ouinr þinn aa. þa skaltu hann aprleida til hans. Ef þu sier asna þess er þik hatar liggia undir byrði. þa skaltu upp lietta med honum ok eigi fra fara. Eigi skaltu fra hneig-iazt i fatæks manuz domi. Fly þu lygi. Eigi skaltu uega riettlatan mann. þann er aa moti stendr omilldu. Eigi skaltu gíafir þiggia þær er blinda uitra menn ok snua nidr hiortum riettlatra. Sex ar skaltu uinna iord þina ok safna saman auoxtum hennar. enn þu lat hana huilazt aa sionda ari. at fatækir menn þinir eti þat ok dyr er eptir hefir ordit aa iordunni. a aukrum ok uingordum ok vitsmiorstriam. Þrim sinnum aa hueriu ari skulu þier hallda hatid. Paska fagnad skulu þier hallda .vii. daga aa hueriu ari. Adra hatid skulu þier hallda. þa er þier hafit saad iardir ydrar. þridiu hatid skulu þier hallda. þa er þier hafit saman fært korn ydur aa haustit. Eigi skaltu kalfs blod sæfa til hatidar minnar yfir hueiti. ok eigi skal eptir uera feiti hatidar minnar at morni. Frumuoxt iardar þinnar skaltu færa i hus drottins guds þins. Eigi skaltu sioda kid i miolk modur sinnar. Se herna. ek mun senda eingil minn þann er firir þer fari. ok vardueiti þik ok tei þier. at ek leidi þik til þess

¹) [rett. for þeir voru

stáðar er ek hefi þier firir buit. Vardueittu ok heyr raudd hans. at eigi misgerir þu. ok nafn mitt er i honum. Ef þu heyrir raudd hans ok gerir alla hluti þa er ek byd þier. þa mun ek uera ouinr ouinum þinum. ok mun ek kuelia þa er þik kuelia. ok mun eingill minn fara firir þer. ok mun hann leida þik til þioda Amorreum ok Etheum ok Ferezeum ok Canancum ok Eucum ok Ebuseum. ok mun ek þa kuelia. Eigi skaltu god þeirra gaufga ne faga. ok eigi skaltu uerk þeirra gera. helldr skaltu þau nidr briota ok rækia aull skurgod. Þiona skulu þier drottnei gudi ydrum. at ek bleza bornum ydrum braud ok uotn. at ek færa aa brutt fra ydr allar illzkur. Eigi mun uera ofra kona ne obyria i husi þinu. þar til er ek fylli [tal daga¹ þinna. Ogn mina mun ek senda firir þier. ok allan lyd mun ek uega þa er þu kemr til. ok alla ouine þina mun ek flyia lata firir þer. Setia mun ek enndimark þitt allt fra hafinu rauda til siauar Palestinorum.

100. Stig upp þu til drottins ok Aaron ok Naadab ok Abiu ok .lxx. (auddunga) af Jsrael. Ok munu þier uegsama min laug. en þu einn munt vpp stiga til drottins. Moyses for þa til fundar uit folkit ok sagdi þeim ord drottins ok doma. Lydrinn allr suarar. Aull ord drottins munu uer gera ok doma. Þa ritadi Moyses aull ord drottins ok doma. ok eptir þat reis hann snemma upp um morguninn ok gerdi alltara hia siallinu ok færði þar .xii. kalfa firir .xii. ættum Jsrael. Moyses tok halft fornarblodit ok hellti þui i kerit. en halft blod hellti hann yfir alltarann. Eptir (þat) tok Moyses logbokina þa er hann hafdi ritad ok las upp firir folkinu. Lydrinn mællti þa. Alla hluti munu uer giora þa er drottinn bydr. Þa tok Moyses fornarblodit ok stockti yfir lydinn ok mællti. Þetta er sattmáls blod þat er drottinn festi med ydr yfir aullum þessum malum. Eptir þat for Moyses ok Aaron ok Naadab ok Abiu ok .lxx. auddunga til fulltings vit þa til siallzins. ok þeir sau gud Gydinga lyds. Ok þeim syndizt undir fotum hans steinn saffirus ok suo se(m) himinn heidr. Ok eigi sendi hann hond sina yfir þa menn. er langt hofdu brutt farit fra sonum Jsrael. ok er þeir sau drottin þa toku atu ok drucku. Gud mællti þa uit Moysen. Stig þu upp til min aa siallit ok uertu þar. ok mun ek gefa þer .ii. tabulur ok laug ok bodord þau er ek ritada. at þu lærir lydinn þadan af. Eptir þat reis Moyses upp ok Josue þion hans. Moyses mællti þa uit auddunga folksins adr hann færi aa brutt. Bidit þier þangat til er uer komum apr til ydar. Aaron ok Vr munu eptir uera med ydr. ok skulu þer uit þa til frettar ganga um þa hluti er þier þurfit. Ok er Moyses hafdi suo mællt. þa for hann vpp aa siallit. ok þa huldi sky siallit. Dyrð drottins bygdi yfir

¹) [rett. for tald^a

Sýnast þekiandi fiallit með skyi síau daga. A síonda degi kalladi drottinn aa Moysen or¹ midri þokunni. Asiona drottins var sem logandi elldr yfir huirfil fialzins i augliti allz lyds Gydinga. Moyses var aa fiallinu .xl. daga ok .xl. natta.

101. Gud mælti þa uit Moysen. Biod þu sonum Jsrael. at þeir færi mer frumburdi allz fenadar. þeir (skulu) mer færa gull ok silfr. eir ok iacinctum. purpura ok tuilitadan guduef ok bissum. geitarhar ok hruta-gærun raudar ok skinn iacinctina ok tre sethim ok uidsmior lios at kueikia. smyr(s)l ok smurning ok reykelsi gods ilms. steina onikilus ok gimsteina at pryda effod ok racionabile. Geri þeir² mer saunghus. ok mun ek byggia i midlu þeirra. geri þeir mer bygd eptir liking þeirrar er eg mun þier syna ok allra kera til embættis tialldbudarinnar. Giör þu mer aurk af triam sethim. Aurkin skal uera halfrar þridiu alnar laung. enn halfrar annarrar alnar breid ok halfrar annarar alnar ha. Gylla skaltu aurkina vtan ok innan. ok gera skaltu koronu yfir aurkina ok gylla skaltu hana. ok af gulli umhuerfis hana .iiii. gullhringa skaltu gera ok setia þa i .iiii. horn arkarinnar. þu skalt gera steingr af triam sethim ok bua þær allar með gulli ok stinga þeim i hringa erkrinnar. at hon berizt af þeim. Ok steingr skulu aavallt vera i hringum erkrinnar. Ok setia muntu uitni þau i orkinni³ er ek mun gefa. Gera skaltu skrifunarfíol af gulli hreinu halfrar þridiu alnar langa ok halfrar annarrar alnar breida. ok þar skaltu aa skrifa .ii. eingla fylki sinu megin huort. ok skulu þau litazt til. ok yfir þeim mun ek vit þik mæla ok bida þier þau bodord er þu skalt bida Gydinga lyd. Bord skaltu giora af sithim alnar breitt ok tueggia alna langt. halfrar alnar hatt. bord skaltu bua allt með gulli. Aa bordinu skaltu gera uatzker ok þar yfir koronu. Fiora gullhringa skaltu gera ok bua ok setia i fiogur horn bordzins .ii. steingr skaltu gera af triam sethim ok bua með gulli. stinga þeim i hringa bordzins. suo at þat se aa staungum borit. Kerit skaltu gera af hreinu gulle i tabula ok fialar ok reykelsisker ok chiatos. i þeim fornir færa ok setia yfir bord i augliti minv iafnan. Gera skaltu kertistiku af hreinu gulli. A skapti hennar skulu uera ker ok knappar kalami ok lilii. Sex knappar skulu ut ganga af sidu kertastikunnar .iii. af huorri sidu. Þriu ker uaxin sem hnot ok .iii. knappar skulu uera aa serhuerium kalamo. ok .iii. lilium. Síau lios skulu uera aa kertistikunni. Pund skal uega með aullum buningi sinum. Gera skaltu klofa af gulli lios at stockua.

102. Tialldbudina skaltu gera eptir þeirri er þier mun hier synd uera aa fiallinu. Tiu tiolld skaltu gera ofn af bisso ok purpura tuilit-

¹) rett. for ok ²) rett. for þier ³) rett. for iordunni

udum guduef. skrifut med ymsum litum .viii. alna ok .xx. skal uera huort tialldit langt enn .iiii. alna breitt. Fimm tiolld skulu vitfost .v. tiolldum. Kroka skaltu gera i iodrum ok endum tialldanna. at þau megi samanteingia þegar er uill. Fimmtigir kroka skulu uera i iodrum tialldzins. at krokr komi kroki i mot. Gior þu ok .i. hringa af gulli. med þeim skal segl tialldanna samanteingia at ein bud verdi allt. Þu skalt ok gera lata. .xi. harklædi at hylia med þak budarinnar. .xxx. alna skal vera huert harklædit langt. enn siogra alna breitt. .v. harklædi skal uit fimm fosta. ok hid sietta skal tufallda framan firir budina. .i. kroka skulu uera i huerium iadri hartialldanna. at þau megi samteingia. .i. nista or eiri gior skulu uit teingiazt krokunum. at tiolldin megi samanteingiazt. Gera skaltu af hrutngærum raudum ok yfir utan af skinum iacinctinis. Þu skalt ok gera fialar þær er vppstandi i tialldbudina af tria(m) sithem alnar langar. enn halfrar alnar breidar. ok greypa hueria vit adra. Skulu .x. vera firir sunnan i tialldbudinne ok .ii. knutar af silfri geruir undir enda huerrar fialarinnar. firir nordan i tialldbudinne skulu vera adrar .xx. fialer ok þar unndir .xl. knuta af silfri geruir. firir uestan i tialldbudinne skulu vera .vii. fialir. adrar .ii. þær er i hornum skulu upp reisazt. Allar fialir skulu samfastar vera fra nedanverdu ok i ofanuert. ok ein samfesting mun allar fialir samanhallda. Þuilik stadfesting mun varducitazt i .ii. fiolum þeim er i hornum ero vppreistar i tialldbudinne. .v. asa skaltu gera af triam sithim ok hallda saman fiolum firir sunnan i tialldbudinne. ok adrar .v. firir nordan. suo hid sama firir uestan. Allar fialir ok asa skaltu gulli bua. Gera skaltu hringa af gulli i fialer budarinnar. þar skulu asa(r)nir i gegnum ganga. er þa hallda saman. Budina skaltu gera eptir þui sem þior or synd aa fiallinu. Gera skaltu tialld af iacinctu ok purpura ok bissu snunu ofit med skrifsamligu uerki ok fogrum ymissleik. Fiora stolpa skaltu gera af triam cithim ok bua med gulli. hofud skulu uera af gulli gerr ok knutar af silfri gervir. þa stolpa skaltu setia i budina ok breida þar yfir tialldit ok greina suo ina ytri budina fra inne idri. Med hringum skal tialldit vppfesta. Aurkina skaltu setia inn i budinni. ok þar yfir skaltu setia skrifunarfiolina. Bord skal uera firir vtan tialldit ok firir nordan i budinne. enn kertistikan skal standa firir sunnan i budinne. Gera skaltu tialld at inngongo budarinnar af iacinctu ok purpura ok .ii. litudum guduef. þar skaltu gera .v. stolpa af triam cethim ok bua þa med gulli. firir vtan stolpana skaltu breida tialldit. aa stolpunum skulu uera hofud af gulli ok hnutar af eiri.

103. Gera skaltu alltara af triam cethim .v. alna langan. ok suo breidan at hann se ferskeyttr. ok .iii. alna hafan. Alltari skal med .iiii.

hornum uera. Þat skal med eiri bua. Gera skaltu katla ok lata auskur i teingr ok sodala ok elldaherbergit. Aull ker skaltu gera af eiri. Fiora hringa skaltu gera af eiri i flogur horn altarans. Arin skaltu gera ur eiri yfir alltarann. Tvær steingr skaltu gera af cethim ok bua eiri ok stinga þeim i hringa alltaris. at þat se aa staungum borit. Alltarid skal holt innan vera. suo sem er aa fiallinu synt. Gera skaltu ok gard um budina af bisso ofnu. Firir sunnan budina skulu uera tiolld .c. alna laung. ok þar undir .xx. stolpar med iafnorgum knutum. a þeim stolpum skulu uera hofud af silfri giaur. Suo skal ok vera firir nordan i tialldbudar gardinum .c. alna laung tiolld. ok undir .xx. stolpar ok iammargir knutar. Firir uestan tiallbudina skulo uera tiolld .l. alna laung. ok þar undir .x. stolpar ok iammargir knutar. Suo skal ok uera firir austan tiallbudina tiolld .l. alna laung sem firir uestan i tialldbudar gardinum. Firir nordan ok sunnan skulo tiolld uera .xv. alna laung ok .ii. studlar ok iammargir knutar. J inngongu gardzins skal tialld uera .xx. alna langt ok þar undir .iiii. stolpar med iammorgum knutum. Tialldbudar gardrinn skal uera .c. alna langr en .l. alna breidr ok .v. alna har gior af bysso. Biottu sonum Jsraels. at þeir færi mier vit-smior hreint af vidsmiorstriam ok auallt hreint lios i tiallbudinne uppfest firir utan tialldit. þat skulu varducita Aaron ok synir hans. at þat lysi i budinne hueria nott allt til morgins.

104. Aaron brodur þinn skaltu uigia ok sonu hans til kennimanna. Gera skaltu heilog klædi. at þeir hafi þa er þeir þiona mer. rationali et superhumerali. linkyrtil þraunguan. koronu ok linda. Humerali skulu þier gera af gulli hreinu ok iacinctu purpura ok guduef ok bisso. .ii. skaut skulu aa uera. at þau megi sauteingia .ii. steina onichulus skaltu þar aa setia ok grafa aa þeim nofn sona Jsraels .vi. aa huerium steini. ok bua þa med gulli. Sett þa aa huoratueggju sidu humerali i minning sona Jsrael. ok mun Aaron bera nofn þeirra firir drottni yfir huorutueggju oxl i¹ endrminning þeirra. Rationali skal ferskeytt uera lofa uitt aa alla uega ok tuefalt. ok aa þui skaltu setia² .iiii. skipaner gimsteina. J fyrstu skipan skal vera steinn sardius ok topadius ok smaragdus. i annarri skipan skal uera carbunculus ok iaspis. i þridiu skipan skal vera ligucius ok agates ok amesticus. i fiordu skipan skal uera crisolitus ok onichulus ok berillus. A þeim steinum skal uera nofn sona Jsrael. med gulli skaltu um steinana bua. Tvo linda skaltu gera af gulli ok festa þar aa rationali ok .ii. gullhringa. med þeim skaltu festa rationali vit humerali. Gera skaltu ok kyrtil yfir humerali. a midium þonum skal haultt vera. aa innztum hlut klæda. enn aa

¹) rett. for ok ²) rett. for sitia.

nedanverðum kyrllinum. skaltu gera suo sem blálenzt epli af iacincto ok purpura ok guduæf tuilitudum. enn þar með festum biollum i midiu. suo at gullig bialla se i odrum huerium stad. en audrum mikit epli. Ok skrydizt þui Aaron guds þionostumadr. at hliomr heyrizt þa er hann gengr ut ok inn i saunghus i augliti drottins. at eigi deyi hann. Gera skaltu ok spaung af gulli. ok grafa skaltu aa henne sanctum domino ok binnda hana með dregli iacinctam vit korono. at hon se aa enni byskups. Ok bera mun Aaron illzkur þeirra. þær er synir Gydinga færa til. at þeir er fornir færa i ollum gíofum sinum. Gullspaung skal íafnan uera i enni byskups Aarons. at drottinn se honum íafnan sefadr. Coronan skal uera af bisso ger. Með þessum klæðum skaltu skryða Aaron ok sonu hans ok uigja þa ok helga hendr þeirra. at þeir færi mer fornir. Gera skaltu þeim linbrækr. at hylí lendar þeirra ok lær ok allt hold liotleiks þeirra. J þeim linbrokum skal Aaron uera ok synir hans. þa er þeir ganga inn i tialldbudina eða til alltaris at þiona i helgum stad. at eigi dey(i) þeir sekir af illzku. Laugsamligt ok eilíft mun þetta uera Aaroni ok kyni hans.

ouinum ydrum. ef þíer farit án guds leyfi. Amalégites ok Kananeus munu koma i mot ydr ok þeriazit vit ydr. firir þeim munu þer falla. þuiat þíer vilid eigi guds ordum hlyda. þui er eigi drottinn med ydr. Lydrinn gaf eigi gaum at ordum Moysi. ok foru þeir eptir þui sem þeir hófdu ætlad. Moyses var eptir i herbudum ok aurk drottins. Amalechite ok Kananei foru i moti Gydingum ok borduzt uit þa ok unnu aa þeim mikinn sigr. Gydingar laugdu aa flotta. enn heidnir menn elltu þa langa leid allt til þess stadar er kalladr var Horma.

126. Sa atburdr vard þa er Gydingar voru i eydimorkinne. at þeir fundu einn mann af sinum monnum. þann er vit bar saman aa þuottdegi. þann mann færdu þeir heim þeim Moysi ok Aaron. Moyses liet þann mann setia i myrkuastofu. þuiat hann visse eigi huar gud villdi firir. Gud mællti vit Moysen. þann mann skal af life taka sem þíer hafit i myrkuastofu settan. ok skal allr lydr beria hann grioti til bana firir utan herbudir. Eptir þessa uitran liet Moyses manninn leida ur myrkuastofunni ok ut fra herbudum. þar baurdu Gydingar hann grioti til bana. sem gud baud þeim. Gud mællti vit Moysen. Mæl þu vit lydinn. at þeir giore trauf med dreglum um skickiur sinar. at þeir minnizt minna bodorda. þa er þeir hafa traufin aa klædunum. at eigi fylgi þeim rangar hugrenningar sinar til ymisslagra hordoma. helldr minnizt þeir minna bodorda ok giore þeir þau ok se þeir helgir. firir þui at ek em drottinn gud þeirra.

127. Madr het Chore. hann var son Ysachar Kaadsson Leui sonar. annar madr het Dathan ok enn þride Abiron. þeir voru synir Hebab. Hon het madr son Felie. hann var af kyni Rubens. þesser menn risu upp i moti Moysi ok .cc. ok .l. manna annara. þeir voru þinghus haufdingiar¹ ok þeir kolludu saman aa þingi. ok stodu i moti Moysi ok Aaron ok mælltu. þaurf uinnr ydr er allr þessi mannfildi er hoilagr. ok gud er med þeim sialfum. firir hui hefizt þíer vpp yfir lyd drottins. Ok er Moyses heyrdi ord þeirra. þa fiell hann til iardar ok mællti uit Kora ok forunauta hans alla. Gud mun ydr kunnigt giora spemma aa morgin. huerer hans menn ero eda hueria hann mun sier kiosa eda huerir honum munu vit teingiazt. Nv taktu Kori ok aller þinir menn glodker ydur ok latit elld i ok leggit aa reykelsi firir drottins augliti. ok mun þa synazt huerer guds menn ero. Eda huad syniz þíer ok ydr þat litils vert vera. er gud greindi ydr fra ollum lydum odrum ok helgadi ydr sier. at þer þionadit honum i faugnudum heilagrar sattmalsbudar ok stædit firir offron lydsins ok þionadit gudi almattigum. Firir þui² let gud ydr at sier ganga. at þíer eign-

¹) r. f. haufdingium ²) r. f. hui

adizt kennimannzskáp. Enn nú giorer þu Kora ok allar þeir menn i gegn drottni gudi minum. Eda huat hefir Aaron gert til saka vit ydr. er þier mavgludut i gegn honum. Þa sendi Moyses eptir þeim Datana ok hans monnum ok Abiron. at þeir kæme aa hans fund. Þeir suorudu. Eigi munu ver koma aa hans fund. Eda synizt honum þat litils vert. er hann leidde oss i brutt af Egiptalandi i þessa eydimork. at hann dræpi oss hier alla ok styrdi oss med ofride. Eda huar kemr þat nú framn. er hann sagdizt oss mundu leida til iardar þeirrar er fliota mundi med miolk ok hunangi. ok sagdizt hann mundu gefa oss akra ok vinga ok adrar eignir. Enn oss synizt hinu nær. at hann vile vor augu ut stinga. Nu munu ver eigi koma aa hans fund. Ok er Moyses visse þesse suor þeirra. þa reiddizt hann miog ok mællti. Litt eigi þu drottinn forn þeirra Datans ok Abirons. þu ucizt drottinn. at eg hefi eigi tekit asna þeirra ne adra hluti. ok eigi hefi ek kvalit neinn þeirra. Vm morguninn eptir þessar vitrædur kom Kori med sinn flokk til tialldbudarinnar. þeir voru .cc. ok .l. manna. þeir baru allir glodker i hondum ser. þar var i elldr med reykelsi. þar kom ok Aaron med sinu glodkeri ok hans menn. þeir stodu huortueggju firir tialldbudarunum. þa uitradizt dyrd drottins ollum yfir tialldbudinne. Gud mællti þa vit Moysen. Skilizt þer fra flocki Kora. þuiat ek mvn uega þa med skiotu voueifi. Moyses ok Aaron fellu badir til iardar firir augliti drottins ok mælltu. Heyrdu hinn styrksti gud anda allz holdz. huort mun þin reidi grimmazt i gegn ollum monnum at einum manni misgioranda. Gud mællti vit Moysen. Biod þu ollum lyd. at þeir skilizt i brott fra lidi þeirra ok tialldbudum þeirra Datans ok Abirons. Honum fylgdu hofdingiar Gydinga lyds þangat. Ok er þeir voru komnir til þeirra tialldbuda. þa mællti Moyses. Farit þer aa brutt aller fra budum þessa omilldu manna. ok komit aungu þui i nand er þeir eiga. at eigi uclizt þer i syndum þeirra. þa foru aller menn aa brott fra budum þeirra Datans ok Abirons. Enn þeir stodu vti hia budum sinum ok konur þeirra ok synir ok allr þeirra flockr. Moyses mællti þa. J þessum atburd er nu mun verda mvnu þier vita mega. huort gud sendi mik eda eigi. at ek reynda þa hluti alla er þier hafit sied eigi af minv hiarta helldr af guds trausti. Ef þesser menn deyia eptir þui sem adrir menn ero vaner lif at lata. þa sendi eigi gud mik til stiornar þessa folks. Enn ef gud gerir nyian hlut. ok lætr hann iordina vpp luka sinn mvnn ok suelgia þa Dana ok Abiron ok alla þeirra menn ok flarhlut. ok fari þeir lifandi i heluiti. þa skulu þier vita. at þeir hafa gudlastad. Ok er Moyses lauk mali sinu. þa sprack iordin undir fotum þeirra Dathans ok Abirons. ok foru þeir lifandi i iordina nidr

ok do suo. ok aller þeirra menn ok allr þeirra starhlutr med þeirra herbudum. Allr lydr flydi þadan aa brútt. er þessi atburdr vard. med mikille hrædzlu. ok badu gud almattigan. at eigi dæi þeir med suo miklu voueifi. J þui bile kom elldr af himne ok brendi Kora til bana ok þau .cc. manna ok her er honum fylgdu.

128. Eptir þessa ena ogurligv atburdi þa mællti gud vit Moysen. Biod þv Eleazaro kennimanni syni Aarons. at hann taki glodker þau er liggia i brennunne ok roti elldinum i sundr hingat ok þangat. þuiat glodkerin ero heilug i dauda syndugra manna. Nu giore Eleazar af þeim speingr ok festi aa alltara. þuiat i þeim var reykelsi fært drottni. ok ero þau af þui heilug. Nv skulv þav uera a alltara til uitnis þess atburdar. er giorzt hefir i listioni Kora ok hans manna. Moyses sagdi þessa hluti Eleazaro. Eleazar tok glodkerin ok giordi af þeim speingr ok festi aa alltara. suo sem gud haud honum. til vitnis þeirra inna ogurligu atburda er giorzt hofdu. Eptir þessa atburdi giordu Gydingar gnadd i moti þeim Moysi ok Aaron ok mælltu. Þier draput þenna lyd drottins. Ok þa giordizt osætti mikid med lydnum. ok uilldu margir Gydingar drepa Moysen ok Aaron. Þeir flydu undan til tialldbudarinnar. ok þa vitradizt dyrd drottins yfir tialldbudinne. Gud mællti þa vit Moysen. Farit þier aa brutt fra folki þessu.¹ þuiat ek mun² drepa þa nu. Ok er þeir lagu aa iordunni. þa mællti Moyses vit Aaron. Taktu glodker þitt ok lat i elld af alltaris elldi ok legg aa reykelsi. ok far til lydsins. at þu bidir firir þeim. þuiat gud hefir lostit þa med elldingu. Aaron gerdi sem Moyses mællti. hann tok glodkerit ok elld af alltari ok lagdi þar reykelsi yfir. ok for til folksins þar sem þat brann. ok geck aa medal daudra manna ok lifandi ok bad firir lydinn. ok þegar slocknadi elldrinn. J þeirre brennv forvzt fiortan þusundir manna adrir enn Kori ok hans menn. Aaron for þa aprt til fundar vit Moysen til tialldbudar duranna. þar sem Moyses var aa bænum.

129. Gud mællti vit Moysen. Tak þu af Gydingum uondu tolf ur kynspattum þeirra .xii. ok rita þu huers þeirra nafn yfir huers þeirra vendi. Nafn Aarons skaltu rita i kyni Leui. þu skalt setia uonduna i tialldbudinne. þar sem ek mællti vit þik. ok mun ek syna huern ek uel. þuiat eg mun giora þess uond med berki ok næfr ok alldine. er ek vel. Moyses tok .xii. vondv adra enn Aarons uond ok setti i tialldbudinne. Ok um morguninn eptir fanzt Aarons vondr grænn ok groinn berki ok næfri ok alldine. þa tok huerr þeirra vit þeim vendi sem atti. ok sau allir þa iarteign er ordin var aa uendi Aarons. Gud mællti

¹) r. f. þessum ²) r. f. enun

vit Moysen. Settv vond Aarons i tialldbudinne til vitnis þessa atburdar. er giorzt hafdi aa vendinum. Moyses giordi suo sem gud baud.

130. Eptir þessa atburdi for Moyses med ollum Gydinga lyd i eydimork. þa er Sin var kollut. i þann stad er Kades het. Ok er þeir voru komnir þar. þa andadizt Maria systir þeirra Moysi ok Aarons. þat var aa enum fyrsta degi manadar mulseta. Maria var þar grafin i Kades. Ok er lydrinn var þar. þa gat þar eigi vatn at drecka. Vm þat maugladi lydrinn med osætt vit Moysen ok Aaron ok mællti. Veri suo vel at uer hefðim dait medal-brædra vorra firir drottnei. Firir hui leiddut þier lyd drottins i eydimork. at uer ok fenadr vorr dæim. firir hui letud þier oss i brutt fara af Egiptalandi i þenna enn uesta stad. er eigi fær vatn at drecka ok eigi getr fikiur ok timeas ok eigi skoron. ok þat aa annat ofan er eigi getr vatn at drecka. Moyses ok Aaron gengu þa aa brutt fra folkinu til tialldbudarinnar ok fiellv til iardar ok kolludu til drottins ok mælltu suo. Heyrdu drottinn gud kall lyds þessa ok luk þeim vpp fehirdzlu þina. brunn lifanda vatz. at aflati gnadd þeirra. þa er þeir ero saddir. Ok þa uitradizt dyrd drottins yfir þeim. Gud mællti þa vit Moysen. Tak þu vond þinn ok safna saman lydinn. þu ok Aaron brodir þinn. ok mæl þu vit steininn firir þeirra augliði. at hann gefi vatn ok þer leidit ut uotn af steininum. þa mun lydrinn drecka ok fenadr þeirra. Moyses tok þa vondinn vr tialldbudinne ok kalladi saman lydinn til eins steins. Heyri þier motbarligir ok otruer. huad munu ver mega leida vt vatn af þessum steine. Ok þa lyster Moyses uendinum tysvar sinnum aa steininn. ok þa spretr þar vpp þegar vatn. god ok nog. suo at lydrinn allr drack ok fenadr þeirra. Gud mællti þa vit Moysen ok Aaron. þui at þer trudut eigi mer. at þer helgadi mik firir sonum Jsrael. þui [munu þer¹ eigi leida þa lyd þenna til þeirrar iardar. er ek mun þeim gefa. þetta er gagnmælis uatn. þar þrættu synir Jsraels i gegn drottnei. ok helgadr var hann med þeim. þa sendi Moyses menn aa fund konungs þess er Edom het. at bidia sinum monnum fararleyfis um hans riki. Ok er sendimenn Moysi komu aa fund Edoms. ok þeir mælltu. Brodir þinn Gydinga lydr mæler suo til þin. Vita muntu allt vort erfide þat er uer haufum haft. huersu uorir langfedr foru til Egiptalandz. ok hofum ver þar langa æfi verit þiadir ok uorer langfedgar. Heyrt muntu hafa. at uer hofum til guds kallad. ok hann hefir heyrt vora bæn ok sendi eingil sinn til vor. þann er oss leiddi i brutt af Egiptalandi. ok er nu uorr flockr i borg Kades. su er i hinum yztum morþum. Nv bidium ver. at þu lofir oss at fara um þitt riki. ok munu uer eigi troda akra þina eda uingarda. ok eigi

¹) [r. f. mun ek

munum uer drecka votn vr brunnum ydrum. helldr munu ver fara þjodgautur eptir midiu landi ydru ok eigi munu ver hneigia af til hægri handar eda vinstri. medan ver forum yfir þitt ríki. Edom konungr svaradi. Eigi mun konungr ydr lofa at fara um mitt ríki ok med uopnum mun ek ydr ueria at fara um mitt land. Sendimenn Moysi mælltu. Ver munum skiott yfir fara. ok ef uer dreckum ydur votn eda vorr fenadr. þa munu ver þar se firir giallda. Edom suaradi. Eigi munu þier i minu leyfi fara um mitt land. Edom samnadi þa miklu lidi ok ætlar þa at veria vopnum landit ok bardaga. at eigi fari Gydinga lydr yfir hans ríki. Sendimenn Moysi foru apr til fundar vit hann ok saugdu honum ord Edoms. ok huersu hann bannadi þeim yfirfaur um sitt ríki. Moyses hrærdi þa herbudir sinar ur Kades. hann for þa med sinv foruneyti aa siall þat er Horr heitir. þat siall var i endimorkum rikis Edoms konungs. Ok er lydrinn var aa siallit vpp kominn. þa mællti gud vit Moysen. Fari Aaron nu til framlidinna ættingia sinna. þuiat hann mun eigi koma aa þat land. er ek mun gefa sonum Jsraels. firir þui at hann trudi eigi minum ordum vit uatn gagnmælis. Nv leidtv Aaron ok son hans Eleazar aa siallit ofanvert. ok þa færdr Aaron af klædvum sinvm. ok skryd med þeim klædum Eleazar son hans. ok þa mun Aaron andazt. Moyses gerdi sem gud haud honum. at hann for aa siallit vpp ok Aaron brodir hans ok Eleazar son Aarons. at aasiaundum Gydingum. þa færdr Moyses Aaron af klædum sinum ok skryddi þeim klædum Eleazar son hans. Ok er Eleazar var skryddr þessum klædum. þa andazt Aaron. Ok er hann var andadr þar aa siallzbruninne. þa for Moyses ok Eleazar til fundar vit lydinn. Ok er folkít visse at Aaron var andadr. þa gretu allir Gydingar andlat Aarons .xxx. daga.

131. Konungr het Kananeus. hann ried firir þeim stad er Arath het. ok er hann heyrdr sagt fra faur Gydinga. þa efdi hann herlid i mot þeim ok bardizt vit þa ok sigradizt aa þeim i fyrstu ok toku af þeim herfang. En Gydingar hetu þa aa gud til traustz sier ok mælltu. Ef þu selr lyd þenna i vorar hendr. þa munu ver drepa hann ok briota borgir þeirra. Ok þa baurduzt þeir vit Kananeum. J þeim bardaga siell Kananeus. enn Gydingar sigruduzt. þa brutv þeir borg þa er Kananeus hafdi firir radit. Gydingar foru þa af siallinu Horr langa leid. þa hallmælltu þeir gudi ok Moysi ok saugdu suo. Firir hui leiddir þu oss i brutt af Egiptalandi. at ver dæim her i eydimarkinne. þar er eigi getr vatn. þuiat aund vor hravrnar af þessi sædzlu enni liettuztv. Firir þetta gnadd Gydinga sendi gud elldliga eitorma til Gydinga at særa þa til dauda. Ok er þeir voru lostnir af þeim elldligum eitorm-

um. þa slydu þeir aa fund Moysi ok mælltu. Misgerdum uer. er ver mælltum i moti gudi ok þer. nu bid þv firir oss. at gud firir lati oss þessi vandrædi. Moyses bad þa firir lydnum. þa mællti gud vit Moysen. Giordu orm ur eiri. ok set hann til marks þeim monnum er lostnir verda af eitormvnum. ok munu allir heilir verda þeir er eirorminn sia. Moyses gerdi sem gud baud. at hann liet gera orm af eire. ok vrdu aller heiler þeir er þann orm litu. þoat þeir væri adr af eitormunum særdir. Moyses sendi menn aa fund konungs þess er Seon het. ok mællti suo til hans. Bid ek þik. at þu lofir oss at fara vm þitt land. ok munu ver eigi troda vingarda þina ne akra. ok eigi munum ver drecka vatn ur brunnum ydrum. helldr fara konungs gautun þar til er vier komum aa burt vr þinu riki. Ok er þessi ordsending Moysi kom til eyrna Seem konungi. þa reiddizt hann miog vit. þat ok lofadi eigi lydnum at fara um sitt land. Seon samnadi herlide ok for med miklum her i eydimarkina i mot Moysi. Ok er þeir funduzt þa baurduzt þeir. J þeim bardaga fiell Seon konungr ok fioldi annarra manna. þa lagdi Moyses vndir sik þat riki er att hafdi Seon konungr ok firir radit. ok bygdu Gydingar þa i þeim borgvm er i þui riki var(u). Konungr het Ogg. hann var med risa vexti. hann atti reckiu af iarni gerua. hon var .ix. alna laung enn .iiii. alna breid. Sia konungr for med her miklum i moti Moysi. Ok er Gydingar sav þann enn ogurliga her er Ogg hafdi. þa hrædduzt þeir þann enn mikla uoxt er Ogg hafdi ok margir adrir hans menn. Gvd mællti þa vit Moysen. Eigi skaltu hrædazt Ogg konung eda hans menn. þuiat eigi mun ydr meira verda firir at drepa hann enn Seon konung. Gydingar borduzt þa vit Ogg konung ok sigruduzt aa honum ok hans monnum. þarfiell Ogg ok mikill mannfildi med honum. Gydingar laugdu þa undir sik land þat er Ogg konungr hafdi firir radit.

132. Eptir þat foru Gydingar aa vollv þa er voru i riki Moabs þiodar skamt fra Jordan. þar sem gagnvart stod borg su er Hiericho heitir audru megin aa backanum. Konungr het Balak. hann var yfir Moabs þiod. Hann sa þa bluti alla er Gydingar hofdu giort lydnum Aamorrea. ok þat er Moabite hofdu hrædzt þa ok mattv eigi bera þeirra ofrid. Balakh atti þa fund vit hofdingia. þa er voru i hans riki. A þeim fundi mællti hann suo. Mikil reidi liggir aa folki voru af yfirgang Moysi ok hans manna. þuiat þeir eyda suo miog konunga riki sem oxi er uanr at bita allt gras med rotum. A þeim fundi tok konungrinn þat til rads. at senda menn eptir manni þeim er Balaam het. Hann var son Hehor. hann var blotmaðr mikill. hann bygdi vit Jordan i riki Balaks konungs. Konungrinn hafdi mikinn aatronat þar sem Bal-

aam var. Ok þá er sendimenn konungs komu aa fund Balaams. þá mælltu þeir. Lydr margr er kominn i ríki vort af Egiptalandi. ok fara þeir med ofridi þar sem þeir koma. Nv sendi konungr vor þær ord. at þu kæmer ok litir yfir lyd þenna. er miklu er styrkari enn vier. Vill konungrinn at þu bauluir lydnum. at uer megim sigrast aa honum ok reka þa i brutt af landinu. þuiat konungrinn truir þui. at sa muni blezadr vera er þu blezar. enn sa boluadr er þu baulvar. Sendimenn greida framm giasir þær er konungrinn sendi Balaam. Blotmadrinn suaradi. Uerit þer her i nott. ok mun eg aa morgin segia ydr þat sem drottinn segir mer. Sendimenn uoru med honum um nottina. Ok aa þeirre nott kom drottinn til Balaam ok mællti vit hann. Huat uilia þesser er komnir ero til þin. Balaam svaradi. Balak konungr sendi þa til min. ok bad at ek skyllða koma at baulua lyd þeim. er kominn er af Egiptalandi hingat i vort land. ok reka þa menn med boluan brutt af voru landi ef ek mættu. Gud mællti vit Balaam. Eigi skaltu fara med þeim. ok eigi skaltu bolua lyd þessum. þuiat hann er blezadr. Vm morgunin eptir þessa uitran reis Balaam snemma vpp ok mællti vit sendimenn konungs. Nv skulv þær fara heim. ok mvn ek eigi med ydr fara. þuiat gud bannar mer at fara. Sendimenn Balaks voru hofdingiar. þeir foru þa heim aa konungs fund ok saugdv honum. at Balaam villði eigi fara aa hans fund. Balak konungr sendi þa fleire hofdingia ok gofugligri enn þeir er fyrr hofdu komit aa fund Balaams. Ok er þeir komu aa hans fund. þa mælltu þeir. Balak konungr mællir suo til þin. Duell eigi þu at koma aa fund uorn. þuiat ek em buinn at koma aa þinn fund ok uegsama þik. ok mvn ek gefa þer þat sem þu villt. Nv kom þu at bolua lyd þessum. er kominn er i vort ríki. þa er sendimenn konungs hofdu suo mællt. þa suaradi Balaam. þo at konungr gefi mer hus sitt fullt af gulli ok silfri. þa ma ek þo eigi skipta vm ord guds drottins mins. at ek mæla meir eda midr enn gud bydr mier. Nv uerit þer hier i nott. at ek mega vita huat drottinn bydr mer at mæla vit ydr. A þeirri nott kom drottinn til Balaams ok mællti vit hann. Enn ef þesser menn ero komnir aa þinn fund ok bidia þik at fara med sier. þa ris þu upp ok far med þeim. ok gior þo þat eitt er ek byd þær. Balaam reis þa vpp snemma vm utorgininn ok lenadi ausnu sina. ok for med sendimonnum konungs. Ok firir þat reiddizt gud honum. Enn huskarlar Balaams foru med honum. Hann reid epter gautu framm. þar er akarr voru aa tuær hendr honum. Enn eingill guds stod aa gotunni firir honum i gardzins hlidi ok hafði brugdit suerd i hendi. Asnan sa huar eingillinn stod. ok þui geck hon af gautunne. enn hann sa eigi eingilinn. Enn hon geck at gard-

itum ok þofði þó eigi at ganga í gardzhlidit. þar sem eingillinn stod. Hon þráungdi sæti Balaams vit gar(d)inn. Balaam bardi osnuna mjög. enþ hon geök þó eigi framm. hon lagdizt þá nidr vndir honum. Balaam tok þá kylfu mikla ok bardi osnuna med henni. ok uar miög reidr. Drottinn lauk þá vpp munn osunnar. suo at hon mællti. Firir hui berr þu mik suo hart. huat hefi ek misgiort vit þik. er þu hefir barit mik þrysuar sinnum. Balaam suaradi. Þess ertu uerd at eg beria þik. þuiat þu bleckir mik. Væri suo uel at ek hefda suerd i hendi. ok munda eg þá hoggua þik. Asnan mællti. Huat er. em ek eigi þitt kuikuendi. þat er þv ert uanr at sitia yfir iafnan er þu ferr leidar þinnar allt til þessa dags. Segdu huat ek hefi þuilickt giort vit þik. sem þu giordir nu vit mik. Balaam suaradi. Ecki hefir þu suo vit mik. giort. sem ek hefi nv vit þik giort. Gud lauk skiott upp augu Balaams. suo at hann sa huar eingillinn stod aa gautvnni firir honum. Eingillinn mællti þá. Firir hui bardir þu ausnuna þrysvar sinnum. Eg kom til þess. at asnan giordi þier i mot. þuiat raung er gata þin ok mier gagnstædlig. Enn ef asnan hefði gautuna gengit. þá munda ek hafa gefit henni fararleyfi. enn ek munda hafa hogguit þik. Balaam suaradi. Misgiorda ek outhandi at þu stædir aa gautunni. ok mva ek aprt huerfa af þessi minne for. Eingillinn suaradi. Far þu med þessum monnum. ok varazt at eigi mæler þv fleira enn ek byd þer. Balaam for þá med hofdingium. þeim er eptir honum voru sendir. Ok er Balak konungr visse þangatfor hans. ok er þeir funduzt. þá mællti Balak konungr. Firir hui komtu eigi þegar aa minn fund. er ek senda menn eptir þier. huort ælladir þu at ek munda eigi aumbuna þer þina for. Balaam suaradi. Ek em nu kominn. enn huort ællar þu. at ek muna mæla annat enn þat er gud gefr mer at mæla. þeir foru. þá i borgina. þá er var i ydztum endimorkum hans rikis. Balak konungr let þá hoggua naut ok saudi ok sendi þá hluti Balaam¹ ok þeim hofdingium er honum fylgdv.

133. Vm morguninn eptir fylgdi konungr Balaam til hofs Baals. þat stod á einne hæd. þadan sa inn innzta hlut herbuda Moysi. Balaam mællti þá vit Balac. Gior þu mier hier .vii. stalla. ok bu hier til fornfæringar .vii. kalfa ok .vii. hruta. Balak konungr giordi som Balaam mællti. Ok er hann hafði lagt kalfana ok hrutana yfir stallana. þá mællti Balaam vit Balak konung. Bid þu hier littad hia forninne. þangat til er ek kem aprt. Ek mun fara skamt aa brutt hiedan ok uita ef drottinn komi til min. ok mun ek vit þik mæla þat er hann bydr mer. Konungr kvat suo vera skylldu. Ok er Balaam var skamt

1) r. f. Balakinn og hui þessum er sendi þá hluti Balaam ok þeim hofdingium er honum fylgdv.

þaðan áa brutt farinn. Þá kom drottinn í mot honum. Balaam mælti þá út á hanna. vii. stalla hési. ek hier vpp reist ok þar yfir lagt sub marga kalfa ok hruta. Drottinn lagdi þá ord í munn honum ok mælti. Far þu aptr til konungs ok mæl þá hluti er ek byd þier. Balaam for þá aptr til fundar vit konung. þar sem hann var hia forninni ok hofdingiarnir. Balaam mælti þá at uppnuminne dæmisauðu sinne. Konungr Moabitarum Balak leidde mik af austrligum stollum. mælti vit mik. Kom þu at bolua Jacob ok skyntu ok lasta Jsrael. Ok huersu mun ek þeim bolua mega. er gud boluar eigi. eda huersu mun ek þann lasta mega. er gud lastar eigi. Sia mun Gydinga lyd af hinum hæstum stodum steinum eda holum. mun ek hann lita. Einn lydr mun her byggja ok mun (eigi) skipazt medal heidinnar þiodar. Huerr mun telia mega dust eda uita tolu kyns Jacobs. Deyi aund min dauda rettlatra manna. ok uerdi minir hlutir enir siduztu likir þeirra hlutum. Balak konungr mælti vit Balaam. Huat giordir þu nu. Ek baud þier til þess hingat. at þu boluadir ouinum minum. enn þv giorir þar gegn. þuiat þu blezadir þeim. Balaam svaradi. Huat mun ek mega annat mæla en þat sem gud leggr firir mik at mæla. Kom þu med mier i annan stad. þar er þu sier meir yfir Gydinga lyd. ok þeir megri þik eigi sia. ok bolua þu lydnum. Þá for Balak konungr ok Balaam med sinv forneyti. aa stoll vpp. þat er Fvlgor het. Ok er þeir voru þar komnir. þá giordi Balak sier .vii. stalla ok lagdi yfir huern stall(a) kalf ok hruta sem Balaam baud honum. Balaam mælti þá vit Balac konung. Bid þu hier hia forninne. medan eg fer aa brutt. Konungr kuad suo uera skulu. Nv er Balaam var skamt aa brutt farinn. þá kom drottinn til fundar vit hann ok lagdi ord í munn honum ok mælti vit hann. Far þu aptr til Balaks konungs ok mæl vit hann þat sem ek byd þier. Balaam for þá til fundar vit konung ok hofdingiana. þar sem þeir stodu hia forninne. Konungr mælti þá vit Balaam. Huat mælti gud vit þik. Balaam mælti þá at vppnuminne sinne dæmisogu. Heyrdu Balak konungr son Sefor. Stattu ok hlyd þeim hlutum er ek mun mæla. Eigi er gud sem madr. at hann liugi. ok eigi sem sour mannz. at hann skiptizt. Eda huort sagdi gud þat. at hann mundi gera þat er hann gerdi. eigi. eda huort het gud þui nockuru. er hann endi eigi. Til þess em eg hingat kominn. at ek bleza. ok firir þui mun ek eigi blezan banna. Eigi er blot med Jacob. ok eigi sezt skurgud med Jsrael. Drottinn gud hans er med honum. ok sigr drottins er med honum. Gud sendi hann aa brutt af Egíptalandi. likr er styrkr hans cinocedris. Eigi er siolkyngi med Jacob ok eigi blotskapr. Ok Jsrael mun segia aa sinum tidum huat gud gerdi. Se herna. lydr sia mun vpp risa sem

leena ok vpp mun hann orgazt sem leo. Eigi mun hann huilazt fyrr
 enn hann suelgr herfang ok hann dreckr blod ueginna manna. Balak
 konungr mællti þa vit Balaam. Eigi muntu bolua lydnum. ok eigi muntu
 bleza hann. Balaam suaradi. Huort sagða ek þier eigi. at ek munda
 þat mæla er gud byði mer. Balak konungr mællti. Far þu med mer
 til annars stadar. ok kann vera at þadan boluir þu at lofanda gudi.
 þa foru þeir aa fiállit vpp. þar sem hæst var fiállit. þadan sa uida.
 Balaam mællti þa vit konung. Giordu mer hier .vii. stalla. ok lat þar
 yfir .vii. kalfa ok .vii. hruta. Konungr gerdi sem Balaam mællti.

134. Ok er Balaam sa at gudi likadi at hann blezadi lydnum. þa
 for hann eigi sem fyrr hafdi hann farit. at hann leitadi spaleiks. helldr
 leit hann yfir lydinn. ok sa tialldbudir þeirra ok þa sialfa. huar þeir
 voru. Ok þa stelli i briost honum guds andi. ok hann mællti at vpp-
 tekinno dæmisaugu. Hann mællti suo. madr þess auga byrgdizt. sagði
 heyrari guds mala. sa er litr syn almattigs guds. hann fellr ok suo-
 lukazt vp augv hans. Suo sagnar tialldbudir þinar Jacob ok tiold þin
 Jsrael. sem daler skogafuller [sem grasgardar vit ar uokuader.¹ þær
 tialldbudir festi drottinn suo sem cedri vit morg vota sett. Firir lyd
 þessum mun takazt Agagg konungr. ok mun hans riki aa brutt færast.
 Gud leiddi lyd þenna af Egiptalandi med styrkt. hann er likr rinoce-
 rodis. Suelgia munu heidnar þiodir fiandmenn hans. ok munu þeir
 briota bein þeirra. ok med orum munu þeir þa reyfa. [Liggiandi mun
 hann sofa sem leo ok leena þau² er eingi mun þora vpp at vekia. Sa
 mun blezadr er þeim blezar. ok sa mun boluadr er þeim boluar. Balak
 konungr reiddizt þa Balaam firir þessi ord ok mællti. Ek kallada þik
 aa minn fund til þess at þu boluadir ouinum minum. enn þu gerdir
 þar i gegn. ok hefir þu nu þryssvar sinnum þeim blezad. Nv far þu
 heim til þins heimilis. Ek hafða radit at uegsama þik. enn drott-
 inn rænti þik þeirre vegsemd. Balaam suaradi. Huort sagða ek eigi
 sendimonnum þinum. þeim er þu sendir til min. þo at þu gæfir mer
 hus þitt fullt af gulli. þa munda ek eigi mega um lida ord guds
 drottins mins. ok eigi munda ek mega mæla af minu hiarta huorki
 gott ne illt. helldr vard ek þat at mæla sem gud baud mer. Nv mun
 ek fara heim. ok mun ek gefa ydr rad adr enn uer skilium. huat þer
 skulut gera vit þenna lyd. Balaam mællti þa³ at uppnuminne dæmi-
 saugu. Balaam Beors son sagði suo. madr mællti suo. þess auga byrgd-
 izt. sagði heyrari guds mala. sa er ueit læring hins hæsta guds. ok
 ser sa almattigan gud. sa hefir fallandi vpplokin augu. Sia mun ek

¹) [r. f. eigi er þat uor at uokua ²) [r. f. eggendr munu þeir sæfa sem leo.
 ok lækua þann ³) r. f. þo

hann. enn eigi mun ek hann lita. Vpp mun renna stianna af Jacob. ok mun vpp risa Jsrael. ok mun liosta hortuga Moab. ok mun eyða alla sonu Selh. ok mun uera onyt eiga hans. þeir munu falla af ouinum sippum. enn Jsrael mun styrkliga gera. Af Jacob mun sa uera er styra mun. ok mun hann glata erfd. borgar. Ok er Balaam sa Amalek. þa mællti hann at vppnuminne dæmisaugu. Styrk er at uisu bygd þin. ok setia muntu at visu aa steini hreidr þitt. ok validr muntv uera afkyni Kaams. suo leingi sem þu matt vera. þuiat Assur mun þik (taka). Balaam mællti þa enn at uppnvminne dæmisaugu. Hev huerr er sigruegari. þa er drottinn gerir þessa hluti. koma munu med uopnum af Italia. þeir er yfir munu stiga Arcerius ok munu eyða Ebreos. ok sidaz munu þeir farazt. þa er Balaam¹ hafdi suo mællt. þa for hann heim til heimkynna sinna. þa reiddizt konungr Balaami firir þau ord er hann hafdi mællt. Ok er Balaam uisse konungs reide. þa gaf hann þau rad til konunginum. at hann sendi fagar konur margar til Moyses manna. at leika firir þeim ok uita ef þær lockadi hug þeirra til blota eda til samræða vit sig. Hann sagdi suo. at gud mundi reidazt þeim. ef þeir blotadi eda hefdi samræði vit heidnar konur. ok munu þeir þa auduollidliga mega yfir stigazt. ef eigi væri guds gætzla yfir þeim. Konungr gerdi sem Balaam gaf rad til.

135. A þeirri tid var Gydinga lydr i þeim stad er Sedi var kalladr. ok heidnar konur komu þangat. þa hófdu margir menn samræði vit þær ok blotudu med þeim. Firir þat reiddizt gud þeim. hann mællti þa vit Moysen. Tak þu nu höfdingia lydsins ok fest þa vpp aa galga i gegn solu. at reide min huerfi i brutt fra lydnum. Moyses mællti þa vit domendr. þa er yfir voru lydnum. Uegi nu huerr sinn naung þannu er blotad hefir Belfegor. Madr het Zambre² hann var Saul son. hann var einn höfdinge af kyni Simeons. hann lagdi hia sier eina portkonu heidna. þa er Kozbi het. hon var dottir Sur Madianitarum. mikils höfdingia. Zambri var suo diarfr i saurlifis synd. at hann hafdi samræði vit Kozbi at aasiaanda Moysi ok ollum lyd. þau hormudu allir godir menn ok gretu. þeir er þann leik sau. ok stodu firir dyrum tialdbudarinnar. Madr het Finies. hann var son Eleazar Aaron sonar. hann reis vpp ok bra saxi ok lagdi þau bæði i gegnum til bana i lostalid kallmanninum enn þurstarlid konunni. Moyses liet þa vega .iii. menn ok .xx. adra. ok af þeim vigum sefadiz guds reidi. Gud mællti þa vit Moysen. Finees son Eleazars kennimannz. sefadi reidi mina fra sonum Jsrael. þuiat hann hrærdizt af minu kappi i gegn þeim. at eigi dræpa ek þa i minne hefnd. þui skaltu nu honum segia. at ek mun gefa

¹) r. f. Balaac ²) r. f. Mambre

hónum fríd míns sáttmáls. ok mun hann vera ok kyn hans eilíft sáttmal kennimannzskapar. þúiat hann kepti firir gudi sinum ok hreinsadi glæpi soná Jsraels. Eptir þessa atburdi havd gud Moysi. at hann teldi alla kálmenn. þa er i hans foruneyti voru ellri enn tuitugir. Moyses giordi sem gud baud honum. J kyni Rubens voru þa .xl. þusunda ok .ii. þusundir ok .dcc. ok .xxx. manna. J kyni Simeons voru .xx. þusundir .ii. þusundir ok .cc. manna. J kyni Gads voru .xl. þusunda ok .d. J kyni Juda voru .lxx. þusunda oc .ii. þusundir oc .d. manna. J kyni Jsachar voru .xl. þusunda .iiii. þusundir ok .ccc. J kyni Zabulon voru .xl. þusunda ok .v. þusundir. J kyni Manases voru .xl. þusunda .ii. þusundir ok .dcc. J kyni Effraim voru .xxx. þusunda .ii. þusundir ok .d. J kyni Beniamin voru .xl. þusunda .v. þusundir ok dc. J kyni Dáns voru .xl. þusunda .iiii. þusundir ok .cccc. J kyni Asser voru .l. þusunda .iii. þusundir ok .cccc. J kyni Neptalim voru .xl. þusunda .v. ok .cccc. Sia tala er oll saman sex hundrut þusunda ok þusund ok .dcccxxx.

136. Gud mællti vit Moysen. Stig þu vpp aa síáll Eborim. ok lit iord þa er ek mun gefa sonum Jsrael. Ok er þu sier þa iord. þa muntv fara til frammlidinna frænda þinna sem Aaron brodir þinn. þúiat þer stygdut mik i eydimork Sin ok gagnmælis lydr. ok eigi villdut þier mik helga firir sonum Jsraels firir votn gagnmælis i Cades i eydimork Sin. Moyses suaradi. Drottinn gud andi allz blods. sia firir nockurn mann. þann er styre þessum mannfiolda ok megi fara firir lydnum vt ok inn. at eigi se lydrinn suo sem saudir þeir er eigi hafa hirde. Gud mællti vit Moysen. Taktu Josue son Nuns agætan mann. i honum er guds andi. ok legg þu hond þina yfir hann. þa er hann stendr firir Eliazaro kennimanni ok ollum þessum mannfiolda. ok munþu þa gefa honum bodord at ollum asiaundum monnum ok hlut dyrdar þinnar. at aller synir Jsrael veiti honum hlydni. Eleazar skal til frettar ganga um þa hluti er þess þarf vit. ok Eleazar skal firir rada. huenær lydrinn skal vpp hefia faur sina eda huenær hann skal standa. Moyses gerdi sem gud baud honum. hann setti Josue firir Eleazaro ok ollum lydnum. ok lagdi hondr sinar yfir hofud honum ok sagdi honum þa hluti er gud baud honum. þa sagdi gud Moysi þau laug er hann setti um huersdagligar fornfæringar a morgun ok aptan. ok þa greindi gud fornfæringar þær er lydrinn skylldi færa aa sierhuerium tímum.

137. Eptir þat mællti gud vit Moysen. Hefa þu nu adr enn þu andázt þess er þortkonur spilltu lyd þessum. Moyses mællti þa vit lydinn. Velit nu þusund manna af lydnum af sierhuerium kynspætti Jsraels. ok uopnit þat lid ok buit til bardaga. ok berizt vit Madianitis

þíod. ok hefuit þess er þer letud portkonur ydr suikia. Lydrinn gerdi sem Moyses baud. þeir völdv af lidi sinv .xiii. þusundir manna. Moyses setti Finies son Eleazar hofdingia yfir þat lid. ok selldi honum heilug ker ok ludra at blasa til þess er þurpti. Þa for Finies med þessu lide i moti heidnum monnum. Heidnir menn esldv lid i moti Gydingum. ok er þeir funduzt. þa baurduzt þeir. J þessum bardaga sigruduzt Gydingar ok drapu alla heidna menn. þa er i moti þeim háufdu farit. suo konunga þeirra ok hofdingia. Þar siell Balaam Beors son. þeir toku þar at herfangi konur þeirra ok baurn ok fenadi alla. ok allt fe þat er þeir haufdu att. ok eyddu borgir þeirra ok kastala ok bæi ok brendv i elldi. Ok er þeir komu apr til fundar vit Moysen ok Eleazar. þa saugdu þeir þeim sigr þann er þeir hofdu unnit. ok syndu þeim menn ok kuikfe þat er þeir haufdu at herfangi tekit. Enn annat fe haufdu þeir saman borit aa vollum Moab. Moyses ok Eleazar gengu i moti þeim med miklv fiolmenni vt fra herbudum. Ok er Moyses visse at þeir hofdu konur at herfangi tekit. þa reiddezt hann hofdingium þeim er firir þui hofdu radit. Moyses mællti þa. Firir hui toku þier þessar konur at herfangi. ero eigi þessar þær hinar saumu er tældv fyrr frændr ydra ok teygdu þa til blotz Bals. ok lietv firir þa synd margir menn lif sitt. Nv drepit þier oll sueinborn ok konur þær er vit kalla hafa att samrædi. enn vardveitid ydr til handa allar ungar meyar. verit þier nu .vii. daga firir vtan herbudir. Sa huerr er heidinn mann vegr eda tekr aa heidins mannz like vegins. þann mann skal rannsaka aa þridia degi ok sionda. Alla hluti skal hreinsa. þa er þeir hafa at herfangi tekit. Eleazar kennimadr mællti vit alla hermenn. þa er barizt hofdu aa moti Madianitis monnum. Þetta er laugmal þat er drottinn baud sinum monnum. gull ok silfr. iarn ok eir. tin ok bly. ok allt þat er elld ma þola skal i elldi hreinsa. A sionda degi skulu þier þuo klædi ydur. ok suo skulu þer hreinsadir ganga i herbudir. Lydrinn gerdi sem Eleazar baud. Gud baud Moysi. at hann skipti herfangi med lydnum er þeir hofdu feingit i forinne. ok sagdi vandliga firir. at þeim hlutum skyllði skipta med aullum þeim er barist hofdu. ok suo þeim er heima voru. Þat baud gud. at eitt kuikindi af .v. hundrudum iafat af monnum sem odrum kuikuendum skyllði færa Eleazaro. þuiat þeir hlutir ero frumtignir drottins. Enn helming allra kuikvenda skylldu hafa lærdir menn. þeir er þionudu i tialldbud drottins. Moyses ok Eleazar haufdingiar lydsins skiptu herfangi med folkinu. sem gud baud þeim. þat herfang var .dc. .lxx. ok .v. saudir. naut voru .lxx. ok .v. asnar voru .lx. þusund manna .xxx. ok .ii. konur þeirra er eigi hofdu vit kallmenn att samrædi.

138. Kynspátr Rubens ok Gads voru audgir menn ok altv margt kuikfe. Ok er þeir sa þar godar iardir ok heraud Jaredh ok Galeath. Þa foru þeir aa fund Moyses ok Eleazar ok annarra hofdingia. ok mælltu suo. Jord Jazareth ok Bebon ok Jareth. Nema. Esbon. Eskale. Soba ok Neba ok Beon. þessar iardir hefir gud gefit i yduart valld ok eró uel grosugar ok kostgodar. enn ver þrælar þinir hofum margt kuikfe. Nv bidium ver þig. ef ver hofum fundit myskunn firir þinum augum. at þu gefir oss þessar iardir til eignar þinum þionum. ok lat oss eigi fara yfir Jordan. Moyses suaradi. Huort skulv þier hier sitia. þa er frændr ydrir fara til bardaga. Firir hui snuit þier nidr hugi frænda yduarra sona Jsraels. at þeir þori eigi at fara til þess stadar er gud hefir þeim gefit. Suo giordu ok frændr ydrir. þeir er ek senda at niosna Jorsalalandz. þa er þeir komu apr. þa sneru þeir nidr hugi sona Jsraels. at þeir særi eigi til þess landz er gud baud þeim til at fara. Firir þat reiddizt gud þeim ok sagdi. at ongvir tuitugir menn ok elldri mundu koma aa Jorsalaland nema Kaleb ok Josue. ok firir þat let gud þenna lyd .xl. vetra i eydimork. til þess er hann eyddi þa menn alla er vit hann misgiordu. Ok nu risit þer vpp eptir þeirra dæmum illra yduarra frænda. ok giorozt fostrar syndugra manna. at þier aukit vit reidi drottins yfir sonum Jsraels. Nv ef þier vilid eigi gudi fylgia. þa mun hann lyd þenna firirlata i eydimork hier. ok mvnu þer vera sauk bana þeirra manna allra er lif sitt lata her. Nv er Moyses hafdi þessa hluti mællt. þa gengu þeir nær er landzins badu ok mælltu. Uer hofum nu hus ok rettir fenadi vorum. borgir ok kastala konum vorum ok bornum. þui munum ver fara vopnadir til bardaga med lydnum þangat til er þeir fa unnit landit. Enn ver munum hier eptir lata konur vorar ok born i stærstum borgum. Enn ver munum eigi hingat apr fara fyrr enn synir Jsraels hafa unnit þat land er gud hefir þeim gefit. Moyses mællti. Ef þier giorod leptir þui¹ sem þer mælit. at þier farit firir guds saker fuser fyrr til bardaga vel vopnadir ok fylgit lyd guds þangat til er þeir hafa þat vnnit er gud hefir þeim gefit. þa eignizt þer þessar iardir er þier beidizt. þeir suorudu. Alla hluti munu ver efna. þa er ver hofum mællt vm þetta mal. ok dreingiliga skulu ver fylgia folkinu i ollum mannaunum þeim sem at berazt. Moyses vottadi þetta mal firir Eleazaro ok lydnum ok ollum hofdingium. Hann gaf þa kyni Rubens ok Gadz ok halfu kyni Manases syni Joseps þær iardir sem þeir beiddu. þat riki er haft hafdi Seon konungr Amorigum þioda ok Ogg konungr Basan med borgum ok kastolum. Kynslod Gads skipadi hann Bidon ok Astoreth. Aro Efrod. Somphon. Jaredh. Jeobab.

¹) [r. f. eigi

Beducta. Beþeron. þær borgir voru allar miklar ok sterkar. Frændr Rvbens skipudu þessar borgir. Esbon. Eskale. Cariatharim. Naba. Baul. Meon. Frændr Malor son Manases foru i Galaath ok drapu þar. Amoræum hofdingia þess herads ok eyddu ollum monnum þeim er þar hofdu bygt. ok eptir þat bygdu þeir þar sialfir. Jair son Manase eyddi marga borg firir heidnum monnum. þeim er voru i Galaath. ok gerdi þar mikla borg. þa kalladi hann Annat. Nvbe vann þa borg er Kanaan var kollut ok þær borgir er þar lagu vit. ok gaf sitt nafn borginne ok kalladi Nube.

139. Moyses ritadi nafn stada þeirra allra er þeir settv herbudir sinar i eydimarkinne. þar sem gud baud þeim. Gud baud Moysi ok sagdi med huerium endimorkum var þat land er hann gaf sonum Jsraels. bædi norðr ok sudr. austr ok uestr. Gud mællti vit Moysen. Þessi ero naufn þeirra manna er skipta skulu landi medal allra manna yduarra. Eleazar kenningadr ok Josue son Nuns. ok sierhuerir hofdingiar i ollum kynium Jsrael. þeim er ek mun nu nefna. Af kyni Juda Kalef son Efona. Af kyni Simeons Fanuel. Af kyni Dans Boczi son Augli. Af kyni Manase Hamel son Epod. Af kyni Effraim Kanuel son Serfaan. Af kyni Zabulon Elesaphad son Faron. Af kyni Jsacar her-tugi Fallziel son Ozan. Af kyni Asser Abiut son Salomi. Af kyni Nep-talim Fedael son Ameþad. Þessum monnum baud gud at skipta landi med sonum Jsrael. Gud mællti þa enn vit Moysen. Biod þu sonum Jsrael. at þeir gefi lærdum monnum af sinu fe ok eignum borgir at byggia i ok undirborgir frændum þeirra. Af þeim borgum er lærdir menn eigu skulv uera .vi. borgir. þær er allir menn skulu frid hafa. þeir er þangat sækia. .xl. annarra borga skulu lærdir menn eiga til bygdar. ok þar vm framm vndirborgir fenudum til fædzlu.

140. Moyses skyrði þa firir folkinu allt laugmal þat sem gud baud þeim. ok iarteignir þær er gud hafði gert firir þeim. ok eggiadi lydin til astar vit gud ok vardueitzlu guds bodorda. Moyses sette menn til at bleza þeim er guds laug helldu ok bolua þeim er guds laug brutv. ok sette huorumtueggium formæli. huersu þeir skylldu bleza eda bolua. J þessum ordum mællti hann suo. Þessi ord skulu lærdir menn mæla med harri rauddu vil allan Gydinga 'lyd. Bauluadr se sa madr er skurgod gerir ok blotar. ok þa skal allr lydr suara ok segia amen. þa skulu lærdir men mæla. Bauluadr se sa madr er eigi vegsamar faudur sinn ok modur. ok þa skulu aller menn segia amen. Bolvadr se sa madr. er aa brutt færir landamark naungs sins. ok þa skulu aller sværa ok segia amen. Boluadr se sa er blindan mann lætr villazt aa gautu. þa skulu allir suara ok segia amen. Boluadr se

sa¹ madr er rangsnyr vtlendz mannz dom eda ungs mannz eda eckiu. þa skulu aller suara ok segia amen. Boluadr se sa madr er sefr med konu fodur sins ok synir yfirbreidzlu reckiu hennar. þa skulu aller suara amen. Boluadr se sa madr er vit ferfætt kuikendi aa samrædi. ok þa skulu aller segia amen. Boluadr se sa madr er sefr med systur sinne ok dottur fodur sins ok modur sinnar. ok þa skulu aller svara ok segia amen. Boluadr se sa madr er sefr med suæru sinne. þa skulu aller suara ok segia amen. Boluadr se sa madr er leyniliga lystr. naung sinn. ok þa skulu aller suara ok segia amen. Boluadr se sa madr er fe tekr til þess at liosta naung sinn. þa skulu aller suara amen.

141. Enn ef þu heyrir ord drottins guds þins ok gerir ok varðueitir bodord hans oll. þau er ek byd ydr i dag. þa mun drottinn æ giora þik ollum þiodum ædra þeim er aa iordu ero. ok munu koma yfir ydr allar hans blezæner ok munu gripa þik. ef þu giorir hans bodord. Blezadr skaltu vera i borg ok blezadr vtan borgar. Blezadr se auoxtr kuidar þins ok blezadr auoxtr iardar þinnar ok fenada þinna. Blezadar se iardir nauta þinna ok sauda ok riettir þeirra. Blezadar se bygghlodur þinar ok leifar þeirra. Blezadr siertu inngangandi ok suo utgangandi. Falla mun gud lata þina ouine i þinu augliti. þa er vpp risa i moti þier. Um eina gautv munu þeir koma i moti þier. enn um .vii. munu þeir flyia af þinu augliti. Senda mun drottinn blezan sina yfir burd þinn. ok bleza mun hann þier aa þeirri iordu er þu byggvir aa. Drottinn mun þik upp uekia ser i¹ helgan lyd. suo sem hann suardi þier. ef þv varðueitir bodord drottins guds þins. ok gengr þu i hans gautum. þa mun allr lydr virða suo. at guds nafn er yfir þik kallat. ok munu aller þik hrædazt. Drottinn mun þik gnægta ollum gödum hlutum af aaueksti kuidar þins ok auexti fenada þinna ok auexti iardar þinnar. ok drottinn suardi fedrum þinum at hann gæfi þer. Vpp mun drottinn luka fehirdzlu sina inu beztu himins. at hann ueiti regn aa iordu sinne. at hann bleze ollum uerkum handa þinna. ok inorgum monnum muntu fe lana. enn þu munt at ongum þurfa fe at² lani at taka. Drottinn mun þik setia i hofut enn eigi i hala. ok iafnan muntu yfir odrum vera enn eigi undir. Ef þu hefir bodord drottins guds þins. þau er ek byd þer i dag. ok varðueitir ok giorer vel ok hneigir þu huorki af þeim til hægri handar ne vinstre. ok fylgir þu eigi skurgodum ne blecktu. þa mun sia blezan oll yfir þik koma.

142. Enn ef þu villt eigi heyra rodd drottins guds þins. suo at þu giorer oll bodord hans. ok varðueitir þu eigi giasfr þessar er ek byd þier i dag. þa munu koma yfir þik allar boluaner þessar ok munu

¹) r. f. ok ²) r. f. af

gripa þik. Boluadr muntv vera i borg ok utan borgar. Boluod mun vera bygghlada þin ok hennar leifar. Boluadr mun vera aavaxtr quidar þins ok auoxtr iardar þinnar. Bauluadar munu vera iardir nauta þinna ok sauda. Boluadr muntu vera utgangandi ok inngangandi. Senda mun drottinn yfir þik sullt ok hungur ok aaui um aull uerk þin þau er þu gerir. þar til er hann knosar þik ok glatar skiott firir hinar uestu putlingar þinar. i þeim firirleztv (mik). Vit teingdi þer drottinn skelmisdrep. þar til er hann eydir þik af þeirri iordu er hann gaf þier. Liosta mun drottinn þik med ridusott frosti ok bruna. hita ok hryggiligu lopti ok rydi. ok muntu sekiaztt til þess er þu deyr. Himinn se eirligr¹ sa er yfir þier er. Gefi drottinn skur iordu þinne. ok hann lati nidr stiga molldausku af himne yfir þik. til þess er þu knosast. Seli drottinn þik fallanda firir siandr þina. Vm eina gautu muntu vtganga i mot þeim. enn vm .vii. gautur muntu flyia ok dreifast af aullu riki iardar. ok hræ þitt mun vera fædzla fuglum himins ok dyrum. ok eingi mun þik fra þui leysa. Liosta mun drottinn þik med hrufu Egiptalandz a þeim hluta likama þins er taud fara aa brutt fra þer. vella muntu hrufu ok vogi. suo at þu munt eigi heill uerda. Liosti drottinn þik vitleysi ok hugarædi. ok þreifir (þu) aa midium degi suo sem blindr er vanr at þreifa i myrkrum. ok eigi greidir þu gautur þinar. Bera skaltu hadung aa huerri stundu ok þraunguast af ofrasli. ok eigi skal þik leysa. Konu muntv eiga ok annar madr mun med henni sofa. Hus muntu upp gefa. ok i þui muntu eigi byggia. Wingard muntv grodrsetia. ok aungvan auoxtt muntu af honum taka. Uxi² þinn mun hauguenn vera firir þinu augliti. ok ecki muntu af honum eta. Asni þinn mun tekinn vera at þier siaanda. ok ecki muntu af honum audlast. Saudir þinir munu teknir vera af ouinum þinum. ok eingi madr mun rietta þitt mal. Synir þinir ok dætr munu herteknar vera af utlendum monnum at asiandum augum þinum ok þrottandum³ af augliti þeirra aa aullum daugum. ok eigi se styrkr i þinne hendi. Ok lydr⁴ mun eta auoxtt iardar þinnar ok aull erfidi þin. at þu berer iafnan hadungar ok þraunging kome yfir þik aa aullum daugum. ok undrandi vit ogn þa er augu þessi munu sia. Drottinn liosti þik enni vestu hrufu a getnadarlim ok lærum. suo at þu verdir eigi heill allt fra ilium ok til huirfils. Drottinn mun leida þik ok konung þann er þu munt setia yfir þik til þeirrar þiodar er þu ueiz eigi skyn aa. ok aunguir frændr þinir ero. ok muntu þeim þiona ok vtendum godum triam ok steinum. ok glatadr muntu vera i uidri iordv ok skrauksaugum ollum lydnum þeim er gud leidir þik til. Morg sad muntu i iord kasta. ok muntv

1) r. f. loptigr 2) r. f. Auxi 3) r. f. drottandum 4) r. f. udr

þar litid gott aftaka: þuiat locuste mun þin sad eta. Vingarda muntv grodrsetia. ok eigi muntu þar af uin drecka. ok eigi muntu þar gott af taka. þuiat madkar munu þat eyda. Vitsmiorstre muntu setia i endimörkum þinum. ok eigi muntu af vitsmiorui audlazt. þuiat vitsmiorren mynu nidr¹ renna ok farazt. Sonu ok dætr muntu eiga. ok aungvar nytsemdir muntu þadan hafa. þuiat þeir munu þrælkadir vera. Aull tre þin ok auoxtv mun ryd eyda. Vtlendr madr sa er med þer er aa þinne iordu mun upp stiga yfir þik ok mun verda þer ædri. enn þu munt nidr stiga ok uera honum minne. hann mun af þer se taka. enn þu munt ecki af honum hafa. hann mun uera i hofud en þu i hala. Koma munu yfir þik allar boluanir þessar. ok ofsækiendr munu þik gripa. til þess er þu ferzt. þuiat þu hlydir eigi rauddu drottins þins. ok eigi vardueitir þu bodord hans ok astgiafir. Marg undr munu þier verda ok þinu kyni allt at eilifu. þuiat þu pionadir eigi gudi þinum drottni i fagnadi ok gledi hiarta þins firir gnott allra audræða. Þiona muntu ouinum þeim er gud mun þier til senda i sullt ok þorsta ok nockleik ok allra hluta fataeki. Gud mun setia iarnligt ok² yfir suira þinn. at hann knosi þik. Leida muntv yfir þik þiodir af fiarlægum ok af ollum enum yztum herudum iardar i liking fliugandi arnar med gny. þess gny muntv eigi mega skilia. Su hin huarkuænta þiod mun eigi gombum uægia ne ungunum myskunna. Su þiod mun suelgia auoxtu iardar þinnar. þar til er þu ferst. ok munu þeir þar eigi eptir lata uin ne hueiti eda vidsmior. eigi naut ne saudi. þar til er hann drepr þik ok knosar i ollum borgum þinum. Nidr munu briotazt styrkir ok hafir uegger borgar þinnar þeir er þu treystizt. A allri iordu þinne mun vm sitiazt firir innan³ hlid þin aa allri iordu þinne þeirri er drottinn gud mun gefa þier. Eta muntu auoxtv quidar þins ok holld sona ok dætra þinna i þreyngingum ok audn þeirri er fiandmenn þinir munu gera þer. J þinu kyni mun sædazt vitlaus madr ok lostafullr hardla. sa er ofunda mun brodur sinum ok konu þeirri er huiler i hans fadmi. at eigi gefi hann þeim af holldi sona sinna. þui er hann mun eta. þuiat hann mun ecki annat hafa enn vmsat ok fataeki. þuiat ouinir þinir munu þik eyda⁴ firir innan hlid þin. Vng kona ok audskæd matti eigi inn ganga yfir iord. ok eigi matti festa fotspor fota firir blautleik ok mikinn meyrleik. hon mun aufunda manni sinum þeim er huiler i fadmi hennar yfir blodi sonar ok dottur ok i ofati annarra. þeir er vt ganga af midiu kuenna hans. ok yfir sonum þeim er bornir ero firir fatækis sakir allra audræða ok umsata. ok audn su er þraungua mun þik af ouenium þinum firir hlidin. Nema þu vardueitir aull ord laugmals þessa.

¹) r. f. vid ²) r. f. ax ³) r. f. mann ⁴) r. f. sæða

þau er ritud eru aa þessi bok. ok hrædizt þu nafn guds dyrdligt ok ogurligt. auka mun drottinn sar þin ok sar konu þinnar ok sona þinna. ok þola munu þau enu uestu siukleika. ok snua mun hann til þin allar kualer Egiptalandz. þær er þu hrædizt. ok þer munu vit festazt allar sottir ok sar. Ok þau er eigi ero ritud i þesse lagabók ok munu þau leida yfir þik ok knosa. til þess er þier erut fair eptir i tolu þeirre er fyrr uoru suo margir sem himintungl. Firir þui munu þessir hlutir yfir þik koma. er þu vart ohlydinn rauddu guds drottins þins. Suo sem gud gladdizt vel vit ydr giorandi ok margfalldandi. ok suo mun hann glediazt ok drepandi ydr ok nidr snuandi. at þer færizt aa brutt af þeirri iordu er ydr var til tignar gefin. Dreifa mun drottinn þig i alla lydi¹ ok af ofanuerdri iordu allt til inna ydzsta endimarka hennar. ok muntu þa þiona vtendum þiodum þeim er þu ueizt eigi deili aa ok eigi fedr þinir. þuiat þu munt þiona triam ok steinum. Med þeim þiodum muntu þiona. ok eigi mun þar uera hvilld² spora fotar þins. þuiat drottinn mun þar gefa þier hrætt hiarta ok þrotnandi augv ok eyda aund af hatri. ok lif þitt mun suo uera sem þat hangi firir þier. þuiat þu munt hræddr vera aa degi ok nott. ok eigi muntu trua³ þinv life. Vm morgin muntu segia. huerr mun mer gefa at lifa til aptans. ok at apni muntv spyria. huer mun mer gefa at lifa til morgins. þessa hluti muntu segia firir ogn hiarta þins ok firir þa hluti er þu munt sia firir augum þinum. Drottinn mun leida þik med skipastol apr aa Egiptaland. ok um þa gautv er drottinn sagdi at þu mundir eigi sia hann optar. Enn þar munu þier selldir uera ouinum þinum til þræla ok ambatta. ok eingi mun ydr þadan leysa. þessi ero ord sattmals þess er drottinn baud Moysi. at hann lysti firir sonum Jsraels aa iordu Moab umframm um þat sattmal er gud baud aa fiallinv Oref.

